

# Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi

Tillögur starfshóps

Október 2019



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



KENNNARASAMBAND  
ÍSLANDS



MENNTAMÁLASTOFNUN



Heimili og skóli  
Landssamtök foreldra



1. Inngangur .....	4
1.1 Skólinn sem vettvangur geðræktar, forvarna og snemmtæks stuðnings.....	5
1.2 Þrepaskiptur stuðningur og samtengd þjónustukerfi .....	5
1.3 Efling félags- og tilfinningafærni í skólum .....	7
1.4 Fyrirliggjandi skýrslur og úttektir hér á landi.....	7
1.4.1 Styrk- og veikleikar skólakerfisins m.t.t. geðræktar .....	7
1.4.2 Menntun fyrir alla: Úttekt á framkvæmd stefnu.....	8
1.4.3 Skipulag geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni .....	9
1.5 Innlend dæmi um kerfisbreytingar í þágu barna.....	10
2. Niðurstöður landskönnunar á geðrækt í skólastarfi.....	11
2.1 Stefna og starfshættir .....	11
2.2 Umhverfi og aðstæður .....	12
2.3 Uppbygging þekkingar og færni .....	13
2.4 Jafnrétti og þátttaka.....	13
2.5 Tengsl og umhyggja.....	14
2.6 Kennsla í félags- og tilfinningafærni .....	14
2.7 Hegðun og samskipti .....	15
2.8 Mat og stuðningur í skólastarfi .....	15
2.9 Samstarf við aðrar stofnanir.....	17
2.10 Samstarf við foreldra.....	17
3. Tillögur um aðgerðir.....	19
1. Geðræktarkennsla á öllum skólastigum.....	20
2. Þrepaskiptur stuðningur í skólastarfi .....	22
3. Samstarf kerfa í þágu barna og ungmenna .....	24
4. Skólaumhverfi sem styður við vellíðan.....	26
5. Þekking og færni til að vinna með hegðun, líðan og samskipti barna og ungmenna .....	27
6. Gagnreynd nálgun að hegðun í skólakerfinu.....	28
7. Skólatengsl og samstarf við foreldra .....	29
8. Réttur til gæðamenntunar og gagnreyndra stuðningsúrræða .....	30
4. Heildaryfirlit og samlegð við önnur verkefni .....	32
5. Heimildir .....	36

# 1. Inngangur

---

Í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til ársins 2020, sem samþykkt var á Alþingi 29. apríl 2016, var kveðið á um að settur yrði á fót starfshópur til að setja fram tillögur um innleiðingu geðræktarstarfs í leik-, grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Verkefni hópsins samkvæmt aðgerð B.2 í geðheilbrigðisstefnu var að fara yfir stöðu geðræktarstarfs í íslenskum skólum, skoða þær aðferðir sem þar eru notaðar og hversu vel þær eru studdar rannsóknum. Einnig að greina hvaða þjálfun og fræðsla fari fram um þroska barna, geðheilsu og geðrækt í skólastarfi og menntun kennara og námsráðgjafa.

Embætti landlæknis var falið að leiða vinnu hópsins en í samráði við heilbrigðisráðuneytið var ákveðið að fela mennta- og menningarmálaráðuneyti ábyrgð á síðari hluta verksins um menntun kennara og námsráðgjafa. Á þessum forsendum tók starfshópur um geðrækt í skólum til starfa 1. nóvember 2018 og var skipaður:

1. Sigrúnu Daníelsdóttur, verkefnastjóra hjá Embætti landlæknis og formanni hópsins
2. Ragnheiði Bóasdóttur, sérfræðingi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu
3. Svandísi Ingimundardóttur, skólamálafulltrúa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
4. Ragnari Þór Péturssyni, formanni Kennarasambands Íslands
5. Hildi Halldórsdóttur, verkefnastjóra hjá Heimili og skóla
6. Erlu Ósk Guðjónsdóttur, sérfræðingi hjá Menntamálastofnun

Ingibjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur hjá velferðarráðuneytinu, var einnig hópnur til stuðnings og ráðgjafar og eftir skiptingu velferðarráðuneytisins í tvö ráðuneyti heilbrigðis og félagsmála í ársbyrjun 2019 bættist við fulltrúi félagsmálaráðuneytis, Erna Kristín Blöndal, skrifstofustjóri.

Starfshópurinn byrjaði á því að leggja fyrir könnun meðal starfsfólks í leik-, grunn- og framhaldsskólum um allt land til að fá sem gleggsta mynd af því hvernig geðræktarstarfi í skólum er háttað í dag og hversu vel skólar landsins eru búnir til þess að sinna geðrækt, forvörnum og stuðningi við börn og ungmenni samkvæmt bestu þekkingu. Nánari umfjöllun um niðurstöður er að finna í skýrslu Embættis landlæknis (2019), *Geðrækt, forvarnir og stuðningur við börn og ungmenni í skólum á Íslandi: Niðurstöður landskönnunar*. Einnig fór hópurinn yfir fræðigreinar og rannsóknir, efni frá öðrum þjóðum sem hafa innleitt markvisst geðræktarstarf í skólakerfi sín og innlendar skýrslur og úttektir sem gerðar hafa verið á undanförunum árum í tengslum við geðrækt í skólum og þjónustu við börn og ungmenni vegna geð- og þroskaraskana.

## 1.1 Skólinn sem vettvangur geðræktar, forvarna og snemmtæks stuðnings

Geðrækt (e. mental health promotion) felst í því að styðja við tilfinningalega og félagslega heilsu og efla þær aðstæður í daglegu lífi sem stuðla að sem bestri sálfélagslegri virkni og líðan (Anderson og Jané-Llopis, 2011). Áhrifaþættir geðheilbrigðis lúta að stórum hluta að þáttum sem liggja utan heilbrigðiskerfisins, svo sem uppvaxtarskilyrðum barna, menntun, atvinnu og félags- og efnahagsstöðu (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2002). Þetta undirstrikar mikilvægi samstarfs þvert á ráðuneyti og kerfi til að efla geðheilsu fólks. Sóknarfæri til að efla geðheilsu eru einna mest í æsku en þeir verndandi þættir sem vega þyngst hvað geðheilsu snertir tengjast æskuárunum að miklu leyti (Beddington o.fl., 2008). Í ljósi þessa er skólinn álitinn einn ákjósanlegasti vettvangurinn til þess að ná til sem flestra barna og ungmenna með geðrækt og forvarnir (Herrman & Jané-Llopis, 2012). Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með því að heilsuefling í skólum fari fram með heilbrigðum hætti þar sem jöfn áhersla er lögð á andlega, líkamlega og félagslega vellíðan barna. Þetta sé hagkvæmasta leiðin til að efla bæði heilsu, vellíðan og námsárangur.

## 1.2 Þrepaskiptur stuðningur og samtengd þjónustukerfi

Fræðimenn leggja áherslu á að geðrækt, forvarnir og snemmtæk íhlutun í skólum sé skipulögð í formi þrepaskipts stuðnings (e. multi-tiered systems of support) sem nær jafnt til námslegra þátta, hegðunar og félags- og tilfinningafærni (Elias o.fl., 2015; Stephan, Sugai, Lever og Connors, 2015; McIntosh og Goodman, 2016). Þar liggja jákvætt skólaumhverfi, góður skólabragur og jákvæð tengsl við skóla til grundvallar öllu starfi skólans og áhersla lögð á markvissa kennslu og þjálfun í félags- og tilfinningafærni fyrir alla nemendur (sjá mynd 1). Til viðbótar séu sívirk og snemmtæk úrræði til staðar til að mæta þörfum nemenda sem þurfa aukna aðstoð á sviði náms, hegðunar, tilfinninga- eða félagsfærni auk stuðnings við þau sem þurfa mikinn eða fjölþættari stuðning til lengri tíma. Um er að ræða heildstætt skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skólum til að tryggja með sem bestum hætti að öll börn hafi jöfn tækifæri til að blómstra í námi.



Mynd 1: Þrepaskiptur stuðningur í skólastarfi

Lykilatriði í þrepaskiptum stuðningi í skólastarfi er að þverfagleg teymi kennara og fagfólks úr stuðningsþjónustu vinni saman að því að skipuleggja og meta árangur af kennslu, geðræktarstarfi og stuðningsúrræðum innan skólans í samræmi við ferli stöðugra umbóta (e. continuous improvement). Gögn sem skólar safna reglulega, t.d. um skólasókn, hegðun, einelti, skólabrag, námsárangur og fleira, eru nýtt með markvissum hætti til að fylgjast með framvindu og gæðum í skólastarfinu, skoða hvað gengur vel og hvað ekki, meta hvort tilteknir kennsluhættir eða stuðningsúrræði nýtist sem skyldi og hvort úrbætur skili tilætluðum árangri. Hagnýting gagna er þannig fastur liður í starfi skólans og gögn nýtt markvissst til að leiða skipulag og ákvarðanir.

Í þrepaskiptum stuðningi er einnig gert ráð fyrir reglubundinni skimun fyrir náms-, hegðunar, félags- og tilfinningavanda í stað þess að bíða eftir því að erfiðleikar verði brýnir eða íþyngjandi og áhersla á að nota árangursríkar, gagnreyndar aðferðir á öllum þrepum (McIntosh og Goodman, 2016; Splett o.fl., 2018). Með þessu móti er komið á verklagi sem hindrar að börn tynist, gleymist eða „falli milli kerfa“, að þau fái of lítinn, ómarkvissan eða óviðeigandi stuðning, að skortur sé á samhæfingu meðal starfsfólks eða að verið sé að beita aðferðum sem bera ekki árangur.

Einnig hefur verið bent á kosti þess að unnið sé eftir skipulagi samtengdra þjónustukerfa með þverfaglegri samvinnu við stofnanir innan og utan skólakerfisins (Sandler o.fl., 2013; Stephan o.fl., 2015). Með öflugum samstarfi allra stofnana sem sinna menntun, stuðningi í skólastarfi, geðheilbrigðisþjónustu og fötlunarþjónustu er hægt að gera heildræna áætlun fyrir barn um hvernig þessi kerfi munu vinna saman að því að bæta stöðu þess og fjölskyldunnar frekar en að barninu sé þúslað inn í þau úrræði sem kerfin veita hvert á sínu afmarkaða sviði (Sandler o.fl., 2013). Lítið er svo á að best sé að veita börnum stuðning í þeirra eigin umhverfi, í skóla og á heimili, frekar en að taka börn úr aðstæðum daglegs lífs og veita úrræði utan þess samhengis (Sandler o.fl., 2013). Kjarni þessa skipulags er að samvinna og samfella einkenna störf allra kerfa þannig að upplifun þeirra sem starfa innan þeirra, og þeirra sem nýta sér þjónustuna, sé að þau starfi saman sem ein heild.

Til þess að heildarskipulag af þessu tagi komist á fót þurfa ábyrgðar- og rekstraraðilar þessara kerfa, þ.e. ríki og sveitarfélög, að tryggja að opinber stefna, gæðamat, hæfni starfsfólks, skipulag og innviðir styðji við þetta verklag og starfsmenningu. Samtenging kerfa þarf þó ekki að fela í sér aukinn kostnað til lengri tíma. Reynsla erlendis frá bendir til þess að þrátt fyrir að einhverju þurfi að kosta til í byrjun við að innleiða nýtt verklag, þjálfar og handleiða starfsfólk og fjárfesta í aðföngum til að styðja við gæðamat og markvissari nýtingu gagna, þá fylgir ekki endilega viðbótarkostnaður til frambúðar (Sandler o.fl., 2013). Rekstrarkostnaður kerfanna breytist lítið eftir að upphaflegu innleiðingarferli er lokið því starfsemi þeirra verður skilvirkari þegar verið er að samnýta krafta, þekkingu og úrræði sem fara annars forgörðum þegar starfsemi ólíkra kerfa einkennist af skorti á heildarsýn, ómarkvissri samvinnu, biðstöðu og jafnvel árangurslitlum eða tvíteknum úrræðum (Sander o.fl., 2013). Auk þess skapast jákvæð samlegðaráhrif þegar farið er að nýta inntak þjálfunar eða stuðnings sem barn fær hjá einum aðila (t.d. þriðja stigs stofnun) í öllum aðstæðum barnsins ásamt því að horft er á heildarmynd af daglegu lífi barns þegar úrræði eru skipulögð í þverfaglegu teymi viðeigandi kerfa í náinni samvinnu við barnið og fjölskylduna (Stephan o.fl., 2015).

### 1.3 Efling félags- og tilfinningafærni í skólum

Markviss kennsla í félags- og tilfinningafærni er veigamikill hluti af geðrækt í skólastarfi. Félags- og tilfinninganám (e. social emotional learning) er skilgreint sem ferlið þar sem börn öðlast og læra að nýta sér með árangursríkum hætti þá þekkingu, viðhorf og færni sem þarf til að geta skilið og tekist á við tilfinningar, sett sér markmið og náð þeim, fundið og sýnt samkennd, myndað farsæl sambönd við aðra og tekið ábyrgar ákvarðanir (Collaborative for Social and Emotional Learning; 2005). Í dag vitum við að þessa færni þarf að kenna og æfa rétt eins og færni í því að lesa og skrifa. Erfiðleikar á sviði tilfinninga, hegðunar og félagsfærni hafa ekki aðeins neikvæð áhrif líðan og samskipti barna heldur einnig á nám þeirra. Einelti og hegðunarvandi í skólum hafa neikvæð áhrif á skólabrag og stuðla að minni starfsánægju, aukinni starfsmannaveltu og kulnun meðal starfsfólks (Bradshaw, Sawyer og O'Brennan, 2009; Pas, Bradshaw og Hershfeldt, 2011; Swearer, Espelage, Vaillancourt og Hymel, 2010). Sömu niðurstöður hafa fengist hér á landi en í rannsókn Snæfríðar Drafnar Björgvinsdóttur og Önnu-Lindar Pétursdóttur (2014) reyndist stór hluti grunnskólakennara þurfa að fást við hegðunarerfiðleika í daglegu starfi og taldi þá hafa neikvæð áhrif á sig og nemendur sína. Allt að þriðjungur kennaranna í rannsókninni fann fyrir einkennum tilfinningabrots og rúmlega helmingur íhugaði að hætta kennslu vegna hegðunarerfiðleika nemenda. Markviss vinna við að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni ætti því ekki að vera álitin viðbót við almennt skólastarf heldur grundvöllur farsæls starfs, jákvæðs starfsumhverfis og árangursríks náms í skólum.

Yfirgripsmiklar rannsóknir hafa sýnt að kennsla í félags- og tilfinningafærni hefur jákvæð og langvarandi áhrif á hegðun, félags- og tilfinningafærni barna og unglinga og dregur úr líkum á áfengis- og vímuefnaneyslu (Durlak, Weissberg, Dymnicki, Taylor og Schellinger, 2011; Taylor o.fl., 2017). Árangurinn er sýnilegur til margra ára og mælist einnig á sviði námsárangurs, en samkvæmt allsherjargreiningum (e. meta-analysis) jókst námsárangur barna og ungmenna sem fengu kennslu í félags- og tilfinningafærni um 11-13% (Durlak o.fl., 2011; Taylor o.fl., 2017). Markviss kennsla félags- og tilfinningafærni í skólum hefur því ekki aðeins ótvírætt gildi fyrir lýðheilsu heldur einnig fyrir gæði og árangur skólastarfs.

### 1.4 Fyrirliggjandi skýrslur og úttektir hér á landi

Umfangsmikil vinna hefur nú þegar farið fram hér á landi þar sem m.a. styrkleikar og veikleikar íslenska skólakerfisins hafa verið greindir og tillögur settar fram um eflingu geðræktar, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum. Einnig hafa verið gerðar úttektir á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar og skipulagi geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni sem vert er að líta til þegar setja á fram tillögur til stjórnvalda um geðrækt í skólastarfi.

#### 1.4.1 Styrk- og veikleikar skólakerfisins m.t.t. geðræktar

Í skýrslum Embættis landlæknis frá 2015 og 2018, Joint Action for Mental Health and Wellbeing: Samstarfsverkefni um geðheilsu og vellíðan í Evrópu og Stöðugreining og framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna á Íslandi, er að finna samantekt niðurstaðna úr stórum evrópskum samstarfsverkefnum þar sem m.a. voru greindir styrk- og veikleikar íslenska skólakerfisins hvað varðar geðrækt í skólastarfi. Í þeirri vinnu tóku þátt tugir sérfræðinga og

hagsmunaaðila frá öllum helstu stofnunum og kerfum hér á landi sem sinna heilbrigðisþjónustu, félagslegum stuðningi og menntun barna og unglunga.

Meðal styrkleika sem greindir voru hér á landi voru, að búið væri að festa í lög og reglugerðir, ýmis ákvæði um forvarnir og snemmtæka íhlutun fyrir nemendur. Ýmis úrræði væru einnig þegar í boði fyrir börn og ungmenni sem þurfa aðstoð vegna sálfélagslegra erfiðleika. Einnig væri rík áhersla á geðheilsu og vellíðan í aðalnámsskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla og almenn samstaða um það í samfélaginu að hlúa eigi vel að börnum og unglungum og að nám skuli vera fyrir alla. Veikleikar hér á landi væru hins vegar að forvörnum, mati og aðstoð við börn vegna sálfélagslegra erfiðleika væri ábótavant, þrátt fyrir að teljast lögbundinn réttur þeirra. Engin eftirfylgd sé með því að þessum þáttum sé sinnt með þeim hætti að tryggt sé að börn fái þá þjónustu sem þau eigi rétt á. Einnig kom fram að skortur væri á þekkingu innan skólakerfisins á gagnreyndum aðferðum til að efla jákvæða hegðun, líðan og samskipti nemenda. Enginn fastur tími eða skipulag væri til staðar fyrir kennslu í hegðunar-, félags- og tilfinningafærni og engin sérhæfing í kennaranámi fyrir kennslu í félags- og tilfinningafærni ólíkt t.d. íþróttakennslu. Þá væru hvorki gerðar kröfur um gagnreynda kennslu í hegðunar-, félags- og tilfinningafærni né jákvæða og gagnreynda nálgun að hegðun barna í skólum og frístundastarfi (Embætti landlæknis, 2015; 2018).

Til að koma á fót þrepaskiptum stuðningi í skólastarfi hér á landi var lagt til að: 1) efla menntun kennara og starfsþróun á öllum skólastigum þannig að þeir séu betur undirbúnir til að sinna hegðunar-, félags- og tilfinningalegum þörfum nemenda í skóla án aðgreiningar, 2) endurskipuleggja skólaþjónustu með áherslu á þátttökuhandleiðslu og þverfaglega ráðgjöf á vettvangi, 3) byggja úthlutun stuðnings, fjármagns og forgangsröðun á greiningu á þörfum nemenda fremur en sjúkdómsgreiningu, 4) skilgreina með skýrari hætti hvaða hlutverki skólar gegna m.t.t. geðheilsu og vellíðanar nemenda, 5) lögfesta virknimat (e. functional assessment) og rétt nemenda til gagnreyndra kennsluhátta og úrræða í skólastarfi, 6) nýta tiltæk gögn og rannsóknir í daglegu starfi í skólum og skólaþjónustu við gerð áætlana til að bæta skólastarf og þjónustu við nemendur, 7) tryggja sálfræðiþjónustu við alla framhaldsskóla og skilgreina viðfangsefni slíkrar þjónustu, og 8) tryggja að samhæfingaraðili sé til staðar í skólaþjónustu sem fylgir málum nemenda eftir til enda, sér til þess að þörfum þeirra sé mætt, tengir saman ólík þjónustukerfi, tryggir samfellu milli skólastiga og heildstæðan stuðning sem nær einnig til foreldra.

#### **1.4.2 Menntun fyrir alla: Úttekt á framkvæmd stefnu**

Árið 2017 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið niðurstöður viðamikillar úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar hér á landi sem unnin var af Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (e. European Agency for Special Needs and Inclusive Education). Tillögurnar sem settar voru fram í skýrslunni eru mjög í samræmi við þær ábendingar sem komu fram í skýrslunum sem getið var um hér að framan. Í niðurstöðum úttektarinnar er meðal annars fjallað um mikilvægi þess að koma í veg fyrir að nemendur verði út undan í námi áður en slík staða er komin upp, beita íhlutun til að tryggja að allir nemendur geti ávallt stundað gæðanám án aðgreiningar, að jöfnuður til náms og réttur nemenda sé tryggður og að sinna skuli úrbótum með sérstökum aðgerðum og sérkennslu eingöngu þegar forvarnir og íhlutun nægja ekki til að tryggja að þörfum nemenda sé sinnt með fullnægjandi hætti. Eins og sjá má er þetta vinnulag mjög í anda þrepaskipts stuðnings og má finna samhljóm víða í skýrslunni, svo sem þegar rætt er um nauðsyn



Þess að innleiða aðferðir til að koma snemma auga á einstaklingsbundnar þarfir barna, veita sveigjanlegan stuðning í skólastofunni og efla leiðir til að fylgjast á kerfisbundinn hátt með börnum sem eiga á hættu að missa af tækifærum til náms. Í skýrslunni er einnig bent á að koma þurfi á föstu verklagi við eftirlit og reglulega endurskoðun stuðnings til að tryggja að hann skili árangri, sé við hæfi, geti staðist til lengdar og fullnægi þeim þörfum sem greindar hafa verið. Sömuleiðis sé brýnt að auka getu stuðningskerfa á öllum skólastigum, tryggja nemendum lágmarksaðstoð óháð búsetu og festa í sessi stjórnunarhætti og gæðastýringu sem stuðla að árangursríkri framkvæmd á öllum stigum. Allt eru þetta kjarnaþættir í þrepaskiptum stuðningi. Ljóst er að með innleiðingu þeirra aðgerða til úrbóta, sem nefndar eru í úttektinni, á framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla, munu stjórnvöld færa sig í átt að slíku skipulagi.

### 1.4.3 Skipulag geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni

Í áðurnefndri skýrslu Embættis landlæknis um stöðugreiningu og framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna var einnig fjallað um skipulag geðheilbrigðisþjónustu og samstarf þjónustuaðila í nærumhverfi um að veita þeim snemmtæka aðstoð. Þar kom fram að meðal helstu veikleika hér á landi hvað varðar skipulag geðheilbrigðisþjónustu séu að stigskipting milli 1., 2. og 3. stigs þjónustu hafi ekki verið formlega skilgreind af stjórnvöldum, lagagrundvöllur þjónustunnar sé óskýr og skortur sé á skilgreindu hlutverki margra þjónustustofnana. Heildarstefnumótun skorti á sviði heilbrigðis- og félagsmála og verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga sé oft óljós sem leiði til ómarkvissrar nýtingar á fjármagni og jafnvel þess að úrræði séu ekki í samræmi við það sem er barni fyrir bestu. Þá sé skortur á samfellu í þjónustu og formlegri tengingu kerfa sem skapi mörg grá svæði og gloppur í þjónustu. Að lokum séu biðlistar eftir þjónustu á öllum stigum og innan allra kerfa sem dragi enn frekar úr skilvirkni, þjónustan sé knöpp innan hvers kerfis og skortur sé á eftirfylgd.

Sambærilegar athugasemdir höfðu áður komið fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2016 um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga á öðru og þriðja þjónustustigi. Í þeirri skýrslu var bent á viðvarandi annmarka á framkvæmd og skipulagi geðheilbrigðisþjónustu við börn sem stjórnvöldum, þrátt fyrir fjölda úttekta, skýrslna og aðgerðaáætlana, hafi ekki tekist að bæta úr. Sérstaklega var tekið til þess að stjórnvöld hafi ekki lagt fram skýrar leiðbeiningar, stefnu eða áætlanir um hvernig mæta eigi þörfum barna og unglunga fyrir geðheilbrigðisþjónustu, að þörf þeirra fyrir ítar- og sérþjónustu hafi ekki verið metin hér á landi og hvergi sé kveðið um skipulag stigskiptrar geðheilbrigðisþjónustu í lögum eða reglugerðum þrátt fyrir að einstakir þjónustuaðilar kunni að skilgreina starfsemi sína í samræmi við slíkt skipulag. Langvarandi ákall hafi því verið í landinu um skýrari verka- og ábyrgðarskiptingu milli þjónustuaðila og aukna samfellu og samhæfingu þjónustunnar. Jafnframt þurfi að auka nýliðun fagstétta, fjölga meðferðarúrræðum, tryggja aðgengi að þjónustu óháð búsetu og koma í veg fyrir grá svæði milli þjónustukerfa þar sem börn fari á mis við þá þjónustu sem þau eiga rétt á. Að lokum gagnrýnir Ríkisendurskoðun harðlega hve löng bið sé eftir geðheilbrigðisþjónustu við börn en að mati stofnunarinnar er þessi bið óviðunandi og kveður svo fast að orði að þessi staða „stefni bæði langtímahagsmunum ríkisins og velferð borgaranna í tvísýnu“ (Ríkisendurskoðun, 2016).

## 1.5 Innlend dæmi um kerfisbreytingar í þágu barna

Sá starfshópur sem nú skilar af sér tillögum lítur á þær tillögur um innleiðingu geðræktar, forvarna og stuðningsúrræða í skólum sem aðeins einn lið í heildarumgjörð um velferð og vellíðan barna í íslensku samfélagi – þann sem snýr að skólakerfinu – en til þess að tilætlaður árangur náist þurfa önnur kerfi einnig að sinna sínu hlutverki þannig að unnið sé saman sem ein heild í þágu barna. Það vekur ástæðu til bjartsýni að nú þegar má finna dæmi um árangursríka innleiðingu slíkra kerfisbreytinga hér á landi þar sem unnið er að samtengingu þjónustukerfa.

Sem dæmi má nefna að um nokkurt skeið hefur verið unnið eftir breyttu verklagi í barnavernd og félagsþjónustu á Austfjörðum undir hinu svokallaða „Austurlandslíkani“ þar sem áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, virka samvinnu kerfa og stuðning við börn eins fljótt og hægt er, um leið og vandi gerir vart við sig. Þar starfa barnavernd og félagsþjónusta saman sem eitt teymi og ekki lengur hugsað sem svo að mál þurfi að vera orðin mjög alvarleg áður en barnavernd kemur að þeim. Starfsfólk skóla getur sótt ráðgjöf í teymið hvenær sem er og rík áhersla er lögð á valdeflingu og virka þátttöku skjólstæðinga þannig að foreldrar, og börn eftir aldri, sitja teymisfundi um eigið mál. Þá er mikil áhersla lögð á reglulegt gæðamat og eftirfylgd en á sex vikna fresti er árangur metinn og ný úrræði fundin ef þau fyrri skila ekki viðunandi árangri. Við þetta sparast bæði tími og peningar enda afar dýrt að verja tíma í úrræði sem skilar ekki árangri auk þess sem það þreytir alla hlutaðeigandi—barnið, fjölskylduna, starfsfólk skólans og kerfanna sem veita úrræðin.

Svipaðar áherslur hafa verið lagðar í Hafnarfirði undir heitinu „Brúin“ sem fangar kjarna verklagsins um að byggja brú á milli þjónustukerfa, efla samvinnu og tryggja að ekkert barn „falli á milli kerfa“. Í skipuriti Brúarinnar er gert ráð fyrir þrepaskiptum stuðningi með lausnateymum fyrir alla leik- og grunnskóla sem hafa þekkingu á árangursríkum aðferðum til að takast á við vanda á sviði hegðunar, tilfinninga og félagslegra samskipta barna. Þegar barn sýnir merki um vanda er byrjað á því að kortleggja vanda barnsins, námsstöðu þess og aðstæður þar sem erfiðleikar koma fram. Í framhaldinu nýtir svo skólinn með markvissari hætti þau úrræði og verkfæri sem er að finna innan skólans. Þegar ljóst er að slík úrræði nægja ekki er leitað til sameiginlegs lausnateymis skóla- og félagsþjónustu sem kemur sem fyrst inn með þverfaglega aðstoð og leiðsögn áður en vandinn vex. Til að hámarka líkur á árangri er horft á barnið sem heild og unnið samhliða með skóla og fjölskyldu við að mæta þörfum þess og draga úr erfiðleikum. Allt þetta á sér stað áður en formlegt greiningarferli eða sálfræðimat er hafið enda getur það ferli verið bæði tímafrekt og jafnvel óþarft þegar tekst að vinna mál með árangursríkum hætti á fyrri stigum.

Á þennan hátt hafa sveitarfélög endurskipulagt starfsemi sína þannig að tímafreakari og kostnaðarsamari úrræði bíða þar til búið er að reyna hagkvæmari og einfaldari leiðir í þétta samstarfi við fjölskyldu og skóla. Oft reynist þetta nægja til þess að málin hljóti farsæla lausn, sem hefur jákvæða keðjuverkun í för með sér; mál barna lenda síður í langvarandi bið eftir úrræðum með tilheyrandi aukningu á vanda, biðtími eftir þjónustu „ofar“ í kerfinu styttist þar sem færri börn þurfa á slíkri þjónustu að halda, og málin eru auðveldari viðureignar þegar þau koma til meðferðar þar sem þegar hefur verið byrjað að vinna með vandann á fyrri stigum. Með því að færa þjónustuna frammar og mæta börnum strax er farið frá ómarkvissu og oft og tíðum óskilvirku kerfi til vinnulags sem hámarkar líkur á farsælli lendingu fyrir barnið, skólann, fjölskylduna og samfélagið.

## 2. Niðurstöður landskönnunar á geðrækt í skólastarfi

---

Til undirbúnings fyrir mótun tillagna til stjórnvalda um aðgerðir til að efla geðrækt, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í skólum lagði starfshópur um geðrækt í skólum fyrir könnun meðal starfsfólks leik-, grunn- og framhaldsskóla á Íslandi. Könnunin var útbúin í samráði við stjórnendur og starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla og skólaþjónustu varðandi þau atriði sem skipta máli þegar kemur að líðan barna í skólum. Atriði könnunarinnar skiptust í tíu yfirþætti: 1) Stefna og starfshætti skólans, 2) Umhverfi og aðstæður, 3) Uppbyggingu þekkingar og færni meðal starfsfólks, 4) Jafnrétti og þátttöku, 5) Tengsl og umhyggju, 6) Kennslu í félags- og tilfinningafærni, 7) Hegðun og samskipti, 8) Mat og stuðning í skólastarfi, 9) Samstarf við aðrar stofnanir og 10) Samstarf við foreldra. Boð um þátttöku var sent til allra leik-, grunn- og framhaldsskólar landsins og bárust svör frá 161 leikskólum (68%), 118 grunnskólum (69%) og öllum framhaldsskólum landsins.

Niðurstöður könnunarinnar undirstrika mikilvægi þess að styrkja umgjörð, skipulag og innviði skólakerfisins til að sinna geðrækt, forvörum og stuðningi við nemendur með farsælum hætti, nýta gögn og árangursmælingar með markvissari hætti til að efla geðræktarstarf og skólabrag, og koma á fót árangursríkri kennslu í félags- og tilfinningafærni á öllum skólastigum.

Jafnframt þarf að tryggja mun betur en gert er í dag að nemendur á öllum skólastigum fái þann stuðning sem þeir þurfa vegna erfiðleika á sviði hegðunar, líðanar og félagsfærni, og að starfsfólk í skólum fái þann stuðning sem þau þurfa til að sinna hegðun, líðan og samskiptum barna og ungmenna með farsælum hætti. Ákvæði í lögum og reglugerðum virðast ekki duga til að tryggja að framkvæmd verði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir heldur þarf heildarskipulag, aðföng, þjálfun og handleiðsla starfsfólks, samstarf stofnana og skilgreind hlutverk aðila skólasamfélagsins að styðja við framkvæmdina.

Í niðurstöðum mátti einnig sjá mikilvæg sóknarfæri þegar kemur að stuðningi við jákvæða hegðun barna í skólakerfinu sem nýta má til uppbyggingar á markvissari vinnu með þennan þátt í skólastarfi. Að lokum er brýnt að fram fari heildræn úttekt á náms- og starfsumhverfi leik- og grunnskóla en áberandi brotalamir komu fram á því sviði í svörum starfsfólks. Í framhaldsskólum er aftur á móti mikilvægt að taka tengsl nemenda við skóla (e. school connectedness) og samstarf við foreldra til sérstakrar skoðunar.

Hér á eftir fer nánari umfjöllun um niðurstöður könnunarinnar og þá þætti sem mikilvægt er að ávarpa í tillögum um aðgerðir til stjórnvalda. Lesa má nánar um undirbúning, framkvæmd og niðurstöður könnunarinnar í skýrslu Embættis landlæknis (2019), Geðrækt, forvarnir og stuðningur við börn og ungmenni í skólum á Íslandi: Niðurstöður landskönnunar.

### 2.1 Stefna og starfshættir

Í fyrsta hluta könnunarinnar var spurt um stefnu skólans, verklag og hlutverk stjórnenda í tengslum við geðræktarstarf. Almennt voru niðurstöður á þá leið að stjórnendur flestra skóla þóttu standa sig vel í hlutverki sínu við að leiða viðhorf og starfshætti innan skólans sem styðja við jákvæðan skólabrag og vellíðan. Stjórnendur í leikskólum voru metnir hæstir á þessum þáttum, þá stjórnendur í grunnskólum og að lokum stjórnendur í framhaldsskólum. Eins þóttu stjórnendur standa sig vel í því að stuðla að samheldni og samvinnu meðal starfsfólks við að efla velferð og vellíðan nemenda og tryggja stöðugleika í umhverfi þeirra, m.a. með því að vinna að

aukinni starfsánægju starfsfólks og stýra starfsmannaskiptum þannig að þau hefðu sem minnst áhrif á börnin og ungmennin í skólanum.

Alla jafna virðist aftur á móti skorta töluvert á skipulega umgjörð um geðræktarstarf, forvarnir og snemmtæk úrræði á öllum skólastigum. Rétt um og undir helmingur grunn- og framhaldsskóla og þriðjungur leikskóla hafði mótað sér heildarsýn og stefnu á þessu sviði og í minna en helmingi leik- og grunnskóla og fjórðungi framhaldsskóla var geðræktarstarf innleitt eftir skilgreindu ferli eða áætlun. Í minnihluta skólanna reyndust einnig innviðir vera til staðar (s.s. verkferlar, teymi, þjálfun og stuðningur) til að styðja við farsæla innleiðingu geðræktarstarfs. Þá var afar sjaldgæft að skólar mætu það með einhverjum hætti hvort starfsfólk fylgdi þeim aðferðum sem ákveðið væri að nota í skólanum til að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna, en það er lykiltríði til að kanna hvort þær aðferðir og nálgun sem skólinn vill að einkenni starfsemi sína skili sér í daglegum störfum.

## 2.2 Umhverfi og aðstæður

Í öðrum hluta könnunarinnar var spurt um umhverfi og aðstæður í skólunum, svo sem hvort rými skólans henti til starfsins, hvort hægt sé að takmarka áreiti í umhverfi, hvernig loftgæðum og hljóðvist er háttað og hvort mannekla og starfsmannavelta séu vandamál í skólanum.

Hér voru niðurstöður nokkuð afgerandi á þá leið að umhverfi leik- og grunnskóla þótti mjög ábótavant að mati svarenda og stóðu grunnskólar alla jafna verst. Framhaldsskólar stóðu mun betur að vigi, til dæmis töldu svarendur tæplega þriggja af hverjum fjórum framhaldsskólum rými skólans henta vel til starfsins en minna en helmingur leik- og grunnskóla. Þau rými sem helst voru metin ábótavant í leikskólum voru leikrými, kennslurými, fatahengi, sérkennslurými og vinnuaðstaða kennara en í grunn- og framhaldsskólum voru það kennslurými, matsalur og fatahengi.

Í flestum leikskólum töldu svarendur of mörg börn saman í hóp og það sama mátti segja um helming grunnskóla og rúman þriðjung framhaldsskóla. Í grunnskólum átti þetta yfirleitt við um alla aldurshópa en í leikskólum voru það helst hópar barna á aldrinum 3-5 ára sem taldir voru of fjölmennir. Hópar yngri barna voru síður metnir of fjölmennir en þó töldu svarendur í 66 leikskólum að of mörg börn á aldrinum 1-2ja ára væru saman í hóp og í 10 leikskólum, eða helmingi þeirra leikskóla sem voru með börn undir 12 mánaða í könnuninni, þóttu of mörg börn saman í hópi 0-11 mánaða barna. Í öllum tilfellum mátu svarendur það svo að of mikill fjöldi barna í hóp hamlaði gæðum starfsins í skólanum.

Kennslurými þóttu rúmgóð í tæplega tveimur af hverjum þremur framhaldsskólum en minna en helmingi leik- og grunnskóla. Í flestum framhaldsskólum reyndist unnt að takmarka áreiti í umhverfi nemenda en það sama átti við um minna en helming leikskóla og þriðjung grunnskóla. Í um 60% leikskóla og framhaldsskóla reyndist unnt að skipta börnum og ungmennum í smærri hópa eftir þörfum en aðeins í rúmum fjórðungi grunnskóla. Loftgæði voru metin slök á öllum skólastigum og aðeins svarendur á framhaldsskólastigi mátu hljóðvist góða. Sérstaklega var staðan slæm á grunnskólastiginu þar sem hljóðvist var metin góð í minna en fjórðungi skólanna.

Engir svarendur í framhaldsskólum töldu mannekle eða starfsmannaveltu vandamál í skólanum en helmingur svarenda í leikskólum og tæp 40% svarenda í grunnskólum töldu svo vera. Í helmingi leikskóla og fimmtungi grunnskóla var starfsmannavelta sömuleiðis talin vera frekar eða mjög mikið vandamál og nær allir töldu það hamla gæðum í skólanum.

Í þessum hluta könnunarinnar fyrir leikskóla var einnig spurt hvort tækifæri gæfust til einstaklingsmiðaðra samskipta við yngstu börnin. Nítján leikskólar, eða 12% leikskóla, í könnuninni voru með börn undir 12 mánaða aldri og í flestum tilfellum (74%) var talið að hægt væri að veita hverju barni á þessum aldri einstaklingsmiðaða athygli yfir daginn. Þó ber að hafa í huga að mjög fáir leikskólar eru að baki þessum tölum. Algengast var að tækifæri til einstaklingsmiðaðra samskipta gæfust á skiptiborðinu, í fatahengi og á matmálistímum. Þrír af hverjum fjórum leikskólum voru með börn á aldrinum 12-18 mánaða í skólanum en af þeim töldu svarendur 65% skóla unnt að veita hverju barni á þessum aldri einstaklingsmiðaða athygli yfir daginn. Í einum af hverjum fimm leikskólum þótti þetta ekki hægt nema að litlu leyti sem er áhyggjuefni. Nær allir leikskólar í könnuninni höfðu börn á aldrinum 19-24 mánaða í skólanum og reyndist unnt að veita þeim einstaklingsmiðaða athygli í 66% tilfella. Áfram voru þær aðstæður sem helst gáfu tækifæri til slíkra samskipta á skiptiborðinu, í fatahengi og á matmálistímum.

### 2.3 Uppbygging þekkingar og færni

Í þriðja hluta könnunarinnar var spurt um þekkingu og færni starfsfólks við að styðja við jákvæða hegðun, líðan og samskipti barna og ungmenna og með hvaða hætti unnið sé að uppbyggingu slíkrar þekkingar innan skólans. Í flestum skólum á öllum skólastigum töldu svarendur starfsfólk búa yfir nægri þekkingu og færni á þessu sviði en þó voru færri sem svöruðu þessu játandi í leik- og grunnskólum en í framhaldsskólum. Til dæmis töldu svarendur í 65% leikskóla og 76% grunnskóla starfsfólk búa yfir nægri færni til að styðja við jákvæða hegðun barna en 90% í framhaldsskóla. Þetta ætti þó að skoða í ljósi þess að börn á fyrri skólastigum eru skemur á veg komin í þroska og færni á sviði tilfinningastjórnar, hegðunar og samskipta og því áskoranir á þeim skólastigum gjarnan meiri.

Alls staðar var rík áhersla lögð á að kennarar og starfsfólk sýndi þá hegðunar-, félags- og tilfinningafærni sem ætlast var til af börnum og ungmennum í skólanum og í flestum tilfellum fékk starfsfólk reglulega fræðslu um þroska, hegðun, félagstengsl, líðan og velferð barna og ungmenna. Hins vegar skorti talsvert á að áhersla væri lögð á markvissa uppbyggingu þekkingar og færni á þessum sviðum í starfsþróunaráætlunum skólanna. Algengast var að slíkar áherslur væru að finna í starfsþróunaráætlunum leikskóla en aðeins í helmingi grunnskóla og rúmum fjórðungi framhaldsskóla reyndist svo vera. Á öllum skólastigum var sjaldgæft starfsfólk fengi reglulega þjálfun í að beita gagnreyndum aðferðum á sviði hegðunar eða hóp- og bekkjastjórnunar. Sérstaklega var þetta áberandi í framhaldsskólum, sem mögulega endurspeglar að minni þörf sé talin fyrir slíka þjálfun þar sem erfiðleikar á sviði hegðunar séu minna íþyngjandi á því skólastigi.

### 2.4 Jafnrétti og þátttaka

Fjórði hluti könnunarinnar sneri að jafnrétti og virkri þátttöku allra barna og ungmenna í skólasamfélaginu. Spurt var um atriði sem snúa m.a. að jafnréttiskennslu, hvernig komið sé til móts við einstaklingsbundnar þarfir í skólastarfinu, möguleikum barna og ungmenna til að hafa áhrif á nám sitt, aðgengi fatlaðra og hvernig fjölbreytileiki endurspeglast í starfinu.

Á öllum skólastigum töldu svarendur mikla áherslu lagða á að taka tillit til persónuleika, aðstæðna og þarfa hvers og eins, og flestir, eða svarendur í 84% leikskóla, 73% grunnskóla og 67% framhaldsskóla, sögðu kennara nota fjölbreyttar kennsluáðferðir til efla áhuga og virka þátttöku

allra barna og ungmenna. Nokkuð færri svarendur í grunn- og framhaldsskólum (63%) töldu þó að allir nemendur fengju verkefni og kennslu sem hæfði getu þeirra. Í 65% leikskóla, 43% framhaldsskóla og 37% grunnskóla fengu börn og ungmenni að velja sér viðfangsefni, námsaðferðir og námsaðstæður eins og kostur er miðað við aldur og þroska. Í rúmum helmingi leikskóla, tæplega tveimur þriðju grunnskóla og 70% framhaldsskóla sögðu svarendur að leitast væri við að virkja lýðræði og virka þátttöku allra barna og ungmenna við skipulag og uppbyggingu skólastarfsins í samræmi við aldur og þroska.

Í meirihluta skólanna sögðu svarendur öll börn og ungmenni fá kennslu sem miðaði að því að efla jafnrétti og virðingu fyrir fjölbreytileika, en þó var hlutfallið lægra í framhaldsskólum en í leik- og grunnskólum. Flestir svarendur í leik- og grunnskólum, en aðeins í helmingi framhaldsskóla, töldu einnig að fjölbreytileiki nemendahópsins væri vel sýnilegur í þátttöku og viðfangsefnum á viðburðum á vegum skólans. Alvarlegasta niðurstaða þessa hluta könnunarinnar sneri hins vegar að aðgengi fatlaðra í leik- og grunnskólum en svarendur í minna en helmingi skóla á þessum skólastigum töldu tryggt að aðgengi fatlaðra væri gott úti sem inni í skólanum á móti tæplega 80% framhaldsskóla.

## 2.5 Tengsl og umhyggja

Í fimmta hluta könnunarinnar var horft til atriða sem tengjast jákvæðum skólatengslum og umhyggju fyrir börnum og unglingum í skólastarfi. Almennt var þetta sá þáttur sem kom best út í könnuninni en á öllum skólastigum var mikil áhersla lögð á vinalegt viðmót starfsfólks, að mynda jákvætt samband við sérhvert barn eða ungmenni, sýna tilfinningum þeirra samkennd og skilning, hlusta á þau og taka mark á sjónarmiðum þeirra. Svarendur í nánast öllum skólum á öllum skólastigum sögðu kennarar leggja sig fram um að skapa jákvæðan anda í bekk eða hóp þar sem öll börn og ungmenni upplifðu sig velkomin og yfirleitt var lítill munur á skólastigum hvað þessi atriði varðar. Í öllum tilfellum var þeim svarað játandi í 80% skóla og yfir.

Meiri munur á skólastigum kom fram þegar spurt var hvort þess væri gætt að sérhvert barn eða ungmenni myndaði tengsl við a.m.k. einn starfsmann sem það treysti og gæti snúið sér til ef eitthvað kæmi upp á. Þetta er lykilatriði þegar kemur að tengslum barna og ungmenna við skólann sinn en mun færri svarendur í framhaldsskólum (67%) svöruðu þessu játandi en í leik- og grunnskólum (80-85%). Einnig reyndust mun færri framhaldsskólar en leik- og grunnskólar vinna markvisst að því að efla félagstengsl barna og ungmenna í skólanum, t.d. með ýmiskonar hópastarfi í samvinnu við foreldra, frístundaheimili, nemendafélög o.s.frv. Þá kom fram nokkur munur eftir skólastigum þegar spurt var hvort þess væri gætt við móttöku nýrra nemenda að mikilvægar upplýsingar varðandi velferð þeirra kæmust til skila til starfsfólks sem tengdist þeim í daglegu starfi. Svarendur í um og yfir 90% leikskóla og framhaldsskóla svöruðu þessu játandi en aðeins 69% grunnskóla.

## 2.6 Kennsla í félags- og tilfinningafærni

Sjötti hluti könnunarinnar sneri að kennslu í félags- og tilfinningafærni og mátti þar sjá mikinn mun eftir skólastigum. Staðan var alla jafna best í leikskólum en lökust í framhaldsskólum en þó er ljóst að verulega þarf að styrkja grundvöll þessarar kennslu á öllum skólastigum ef takast á að byggja upp öflugna færni barna og ungmenna á þessu sviði í skólakerfinu.

Rúmur helmingur leikskóla reyndist vinna eftir heildstæðri áætlun um kennslu hegðunar-, félags- og tilfinningafærni fyrir alla aldurshópa og hafði markmið fyrir slíka kennslu tilgreind í skólanámskrá. Það sama mátti segja um rúm 40% grunnskóla en tæpur þriðjungur hafði tilgreint markmið í skólanámskrá. Í framhaldsskólum var hlutfallið aðeins um einn af hverjum fjórum en meirihluti skólanna (55-60%) sagði þetta að litlu eða engu leyti til staðar.

Þegar spurt var nánar hvaða þættir félags- og tilfinningafærni væru kenndir í skólunum var algengast að lögð væri áhersla á að efla bjargráð eða sjálfshjálp barna og ungmenna, hjálpa þeim að finna og nýta styrkleika sína og þjálfafærni þeirra til að tjá skoðanir sínar. Mun sjaldgæfara, að leikskólum undanskildum, var að börnum og ungmönnum væri kennt að þekkja og skilja eigin tilfinningar og annarra, finna farsælar lausnir við vanda og erfiðleikum, efla félags- og vináttufærni, styrkja líkamsmynd og þjálfaðferðir sem draga úr streitu og auka vellíðan, svo sem slökun eða núvitund.

## 2.7 Hegðun og samskipti

Í sjöunda hluta könnunarinnar var spurt um nálgun skólanna að hegðun barna og ungmenna, svo sem skólareglur, vinnubrögð starfsfólks og hvernig brugðist væri við æskilegri og óæskilegri hegðun. Flestir skólar á öllum skólastigum reyndust hafa fáar og skýrar reglur en mun sjaldgæfara var að þær væru sýnilegar í einföldu máli og myndum innan skólans eða unnar í samvinnu við börn og foreldra eftir því sem við átti. Í flestum leik- og grunnskólum voru reglur orðaðar þannig að þær tilgreindu hvaða hegðun ætti að viðhafa innan skólans (ekki hvaða hegðun ætti ekki að sýna) en það sama mátti segja um rúm 40% framhaldsskóla.

Í langflestum skólum á öllum skólastigum töldu svarendur áherslu lagða á lausnamiðaða og uppbyggilega nálgun að hegðun barna og ungmenna og að þau fengju stuðning til að tileinka sér þá hegðun sem væri ætlast til af þeim í skólanum. Færri sögðu þó unnið með aðstæður og umhverfi til að fyrirbyggja óæskilega hegðun og samræmd vinnubrögð starfsfólks í tengslum við hegðun nemenda voru aðeins til staðar í aðeins helmingi grunn- og framhaldsskóla og 60% leikskóla. Flestir töldu að litið væri á óæskilega hegðun sem kennslutækifæri til að kenna betri hegðun eða samskipti með jákvæðum stuðningi og sögðu skammir og refsingar ekki notaðar til að hafa áhrif á hegðun barna og ungmenna í skólanum. Það síðarnefnda átti þó við um færri leik- og grunnskóla en framhaldsskóla. Í stærstum hluta skólanna var unnið eftir áætlun til að fyrirbyggja og bregðast við neikvæðum samskiptum, stríðni, einelti og ofbeldi en hlutfallið var þó lægst í leikskólum.

## 2.8 Mat og stuðningur í skólastarfi

Áttundi hluti könnunarinnar var viðamikill og sneri að mati á skólabrag og líðan barna og ungmenna í skólanum, markvissri nýtingu gagna og árangursmælinga í starfinu, og stuðningsúrræðum vegna erfiðleika á sviði hegðunar, líðanar og félagsfærni. Niðurstöður sýndu að í nær öllum grunnskólum og 70% framhaldsskóla eru lagðar fyrir árlegar nemendakannanir til að meta líðan, félagstengsl og skólabrag. Þessari spurningu var sleppt í könnun fyrir leikskóla. Í rúmlega tveimur af hverjum þremur grunnskólum, rúmum helmingi leikskóla en aðeins um fjórðungi framhaldsskóla eru einnig lagðar fyrir foreldrakannanir til að meta líðan, félagslega stöðu og gengi barna þeirra í skólanum.

Mikill munur var á skólastigum þegar spurt var hvort framkvæmdar væru tengslakannanir innan skólans og brugðist við merkjum um útilokun eða félagslega einangrun meðal barna og ungmenna. Aðeins grunnskólar virðast nýta þetta verkfæri að einhverju ráði, en svarendur tæplega þriggja af hverjum fjórum grunnskólum svöruðu þessu játandi á móti rúmum fjórðungi leikskóla og einungis 13% framhaldsskóla. Svarendur um 60% leik- og grunnskóla og 40% framhaldsskóla sögðu gögn og árangursmælingar nýttar með markvissum hætti í skólanum til að efla geðræktarstarf, skólabrag og stuðning við nemendur. Ívið færri, eða um helmingur leik- og grunnskóla og rúmur þriðjungur framhaldsskóla, sögðu reglulega greiningu fara fram á því innan skólans hvort og hvaða stuðning skorti til að þörfum allra barna og ungmenna væri mætt.

Í langflestum skólum á öllum skólastigum voru börn og ungmenni hvött til að láta vita af vanlíðan og erfiðleikum og flestir töldu tryggt að þau vissu hvert þau gætu leitað eftir stuðningi og aðstoð innan skólans. Um 80% svarenda í leikskólum og framhaldsskólum sögðu snemmtæk og sívirk úrræði til staðar í skólanum til að mæta þörfum barna og ungmenna sem þurfa aðstoð vegna hegðunar, tilfinninga- eða félagsfærni en það sama átti við um aðeins 60% grunnskóla. Helmingur leikskóla, rúmur fjórðungur grunnskóla en enginn framhaldsskóli reyndist framkvæma virknimat af óháðum aðila þegar ítrekuð merki koma fram um óæskileg samskipti eða hegðunarvanda hjá barni eða ungmenni í skólanum. Virk lausnateymi, sem kennarar og annað starfsfólk getur leitað strax til eftir stuðningi, ráðgjöf og handleiðslu til að takast á við hegðun, nám, líðan og samskipti barna og ungmenna, reyndust vera til staðar í 65% leikskóla en helmingi grunn- og framhaldsskóla.

Þegar kom að einstaklingsmiðuðum stuðningi við börn og ungmenni í skólastarfi virtist staðan langbest í leikskólum. Aðeins tæp 60% svarenda í grunnskólum sögðu alla nemendur, sem eiga erfitt með nám, hegðun eða aðra þætti sem hindra farsæla skólagöngu, fá einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun en í leikskólum var þetta hlutfall tæp 80%. Hlutfallið var þó enn lægra í framhaldsskólum eða einungis 30%. Svarendur í aðeins helmingi grunn- og framhaldsskóla, en 70% leikskóla, sögðu jafnframt einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir unnar í samvinnu við nemendur og foreldra eftir því sem við á. Í tæpum 90% leikskóla og rúmum 70% grunnskóla voru einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir endurskoðaðar reglulega til að meta framfarir og koma sem best til móts við þarfir viðkomandi barns eða ungmennis en það sama mátti segja um helming framhaldsskóla.

Einungis í helmingi grunnskóla reyndust sérmenntaðir aðilar á sviði náms-, hegðunar- og tilfinningavanda hafa yfirumsjón með framkvæmd og endurmati stuðningsáætlana en í leik- og framhaldsskólum var hlutfallið um og yfir 70%. Þegar spurt var hvort slíkir aðilar handleiddu annað starfsfólk skólans, sem kemur að málum viðkomandi barns eða ungmennis, var það raunin í tæplega 40% grunnskóla og helmingi framhaldsskóla en yfir 70% leikskóla.

Að lokum komu sláandi niðurstöður fram á öllum skólastigum þegar spurt var um verkferla í tengslum við geðheilbrigðisvanda, vanrækslu og ofbeldi meðal barna og ungmenna og tilkynningaskyldu til barnaverndar. Í minna en helmingi skólanna reyndust skráðir verkferlar vera til staðar sem allt starfsfólk þekkti varðandi viðbrögð vegna geðheilbrigðisvanda, ofbeldi og vanrækslu og var staðan var sérstaklega slæm í framhaldsskólum þar sem minna en fjórðungur skóla reyndist hafa slíka verkferla skráða. Jafnframt reyndust aðeins tæp 40% grunnskóla, þriðjungur leikskóla og 17% framhaldsskóla fara árlega yfir verkferla og ábyrgð starfsfólks varðandi tilkynningaskyldu til barnaverndar. Hlutfall skóla þar sem þetta var að litlu eða engu leyti gert var í öllum tilfellum hærra, eða í helmingi leik- og grunnskóla og 70% framhaldsskóla.



## 2.9 Samstarf við aðrar stofnanir

Í níunda hluta könnunarinnar var spurt um samstarf skólans við aðrar stofnanir og fagfólk sem sinna velferð og vellíðan barna og ungmenna. Að mati svarenda áttu 90% leikskóla, rúm 80% grunnskóla og 70% framhaldsskóla í virku samstarfi við heilbrigðis-, félags- og skólaþjónustu til staðar til að styðja við líðan og velferð barna og ungmenna í skólanum. Í tæpum 90% leikskóla reyndist tilgreindur aðili innan skólans hafa ábyrgð og umsjón með því að úrræði og ráðleggingar frá öðrum stofnunum vegna þarfa barna væru að fullu innleiddar í skólanum en það sama átti við um einungis rúm 60% grunnskóla og tæp 60% framhaldsskóla.

Þegar spurt var hvaða fagstéttum skólarnir hefðu greiðan aðgang að var algengast að leikskólar hefðu greiðan aðgang að þjónustu talmeinafræðings (89%), því næst að þjónustu sálfræðings (85%) og svo sérkennara (74%). Tæplega tveir af hverjum þremur leikskólum (64%) höfðu aðgengi að þjónustu félagsráðgjafa og 52% að þroskaþjálfara og hjúkrunarfræðingi. Í grunnskólum var algengast að skólar hefðu greiðan aðgang að þjónustu hjúkrunarfræðings (91%), þá sérkennara (84%) og svo námsráðgjafa (74%). Tæplega tveir af þremur (63%) höfðu aðgengi að sálfræðingi og þroskaþjálfara (60%) en tæpur helmingur (46%) að félagsráðgjafa og talmeinafræðingi. Nánast allir framhaldsskólar (97%) höfðu aðgang að þjónustu námsráðgjafa og 73% að sálfræðingi en rúmur helmingur (57%) að hjúkrunarfræðingi og sérkennara og 46% að þjónustu félagsráðgjafa.

Aftur á móti þegar spurt var hvort starfsfólk skólanna fengi stuðning í samræmi við þörf til að takast á við vanda barna og ungmenna var það yfirleitt ekki raunin. Staðan virtist einna best í leikskólum en þar töldu svarendur 63-71% skóla að starfsfólkið fengi nægan stuðning vegna hegðunar-, félags- og tilfinningalega erfiðleika barna. Það sama gilti aðeins um 40-46% grunnskóla og 50-57% framhaldsskóla. Starfsfólk í um það bil tveimur af hverjum þremur skólum á öllum skólastigum taldi sig fá nægan stuðning vegna neikvæðra samskipta og eineltis meðal nemenda en hlutfallið var lægst í framhaldsskólum eða 60%.

## 2.10 Samstarf við foreldra

Síðasti hluti könnunarinnar sneri að samstarfi við foreldra og var ávallt tekið fram að eingöngu væri átt við foreldra nemenda undir 18 ára í könnun fyrir framhaldsskóla. Niðurstöður sýndu að á öllum skólastigum er lítið á foreldra sem mikilvæga samstarfsaðila, tekið vel á móti ábendingum þeirra varðandi skólastarfið og unnið úr þeim með skipulegum og lausnamiðuðum hætti

Aftur á móti var afar sjaldgæft á öllum skólastigum að foreldrar tækju virkan þátt í mótun stefnu og aðgerða innan skólans á sviði hegðunar, félags- og tilfinningafærni og nokkur misbrestur var á því í grunn- og framhaldsskólum að foreldrar væru upplýstir um mikilvæg atriði eins og niðurstöður kannana á líðan og skólabrag og verklag í sambandi við stuðning við nemendur.

Mikinn mun eftir skólastigum mátti sjá þegar kom að virku samstarfi og samskiptum við foreldra. Í nánast öllum leik- og grunnskólum voru haldin regluleg foreldrasamtöl um nám, líðan og félagslega stöðu barnanna í skólanum en þetta átti aðeins við um 40% framhaldsskóla. Þegar spurt var hvort skólinn legði sig sérstaklega fram um að ná til foreldra nemenda sem búa á einhvern hátt við jaðarsetta stöðu var því svarað játandi í 40% leik- og grunnskóla á móti 20% framhaldsskóla. Mun færri svarendur í framhaldsskólum sögðu einnig áherslu lagða á að hafa strax samband við foreldra ef áhyggjur vöknuðu af líðan eða velferð nemenda undir 18 ára aldri.

Í nánast öllum leik- og grunnskólum var þessu svarað játandi en aðeins í 67% framhaldsskóla. Eins fékk starfsfólk í framhaldsskólum mun minni stuðning og ráðgjöf frá stjórnendum og samstarfsfólki varðandi farsælt samstarf við foreldra.

### 3. Tillögur um aðgerðir

---

Í störfum sínum við móttun tillagna um innleiðingu á markvissu geðræktarstarfi, forvörnum og stuðningi við börn og ungmenni í íslensku skólakerfi tók starfshópur um geðrækt í skólum mið af núverandi stöðu þekkingar á þessu sviði, reynslu annarra þjóða af innleiðingu geðræktarstarfs í skólum, fyrirbyggjandi skýrslum og úttektum sem unnar hafa verið hér á landi og niðurstöðum landskönnunar á stöðu geðræktar, forvarna og stuðningsúrræða í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem kynntar voru hér að ofan.

Tillögur hópsins hafa margvíslega tengingu við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og styðja ríki og sveitarfélög við innleiðingu þeirra, svo sem markmið 1 um enga fátækt, markmið 3 um heilsu og velferð, markmið 4 um menntun fyrir alla, markmið 8 um atvinnu og hagvöxt, markmið 10 um aukinn jöfnuð, markmið 11 um sjálfbær samfélög og markmið 16 um frið og réttlæti. Ef samfélaginu tekst að styðja vel við geðheilbrigði og velferð barna og ungmenna og nýta skólakerfið á þeim vettvangi mun það hafa víðtæk áhrif á heilbrigði þjóðarinnar til langframa. Geðrænin erfiðleikar hafa um árabil verið algengasta orsök örorku á Íslandi (Tryggingastofnun, 2017). Slíkir erfiðleikar hafa ekki bara neikvæð áhrif á líðan og lífsgæði heldur einnig á tækifæri til að sjá fyrir sér, taka þátt í samfélaginu og nýta hæfileika sína. Þá auka geðrænin kvillar, sem og áföll í æsku, líkur á þróun líkamlegra sjúkdóma seinna á ævinni (Jackson, Sudlow og Mishra, 2018; Suglia o.fl., 2018). Stuðningur við geðheilbrigði í æsku leggur þannig grunn að heilbrigði komandi kynslóða, farsæld samfélags og velmegun til framtíðar.

Brýnt er að stjórnvöld viðurkenni og skilji mikilvægi þess að skólar landsins verði vettvangur þar sem hægt er að ná til allra barna og ungmenna með geðrækt, forvarnir og snemmtækan stuðning og vinni saman að því að styrkja skólakerfið og tengdar stofnanir í þeim tilgangi. Geðheilbrigði barna og ungmenna er ekki málefni eins geira heldur þurfa öll kerfi sem sinna börnum að vinna saman í þessu sem öðru. Því er brýnt að í þeirri heildarendurskoðun á málefnum barna sem nú á sér stað komi fram raunhæf áætlun um hvernig skuli bæta úr þeim annmörkum á heilbrigðis- og félagsþjónustu við börn og unglínga sem lengi hefur verið bent á. Nú þegar hefur náðst samkomulag um málefni barna þar sem ráðherrar heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, félags- og barnamála, samgöngumála og dómsmála hafa undirritað viljayfirlýsingu um aukið samstarf á því sviði. Þær tillögur sem hér eru lagðar fram falla vel að slíku samstarfi og mikilvægt að samkomulag verði um það þvert á ráðuneyti að styðja við innleiðingu þeirra með fjármagni og endurskipulagningu á verksviðum stofnana og þjónustukerfa.

Í þessu samhengi hefur þó verið bent á að þekking á því hvaða breytinga sé þörf sé ágætis byrjunarreitur en að vita hvernig eigi að ná þeim fram sé hið mikilvæga atriði sem gjarnan vantar (Fixen, 2014). Þau atriði sem talin eru skilja á milli árangursríkrar innleiðingar, sem festir í sessi nýjungar eða umbætur, og áhlaups sem síðar rennur út í sandinn eru meðal annars að:

Allir aðilar sem koma til með að verða fyrir áhrifum af breyttu verklagi, s.s. starfsfólk, notendur þjónustunnar og aðstandendur, eru hafðir með í ráðum

Starfsfólk sem á að vinna samkvæmt nýju verklagi fær til þess þjálfun, handleiðslu og tíða endurgjöf á frammistöðu

Stjórnendur sjá til þess að til staðar séu innviðir sem tryggja tímanlega og fullnægjandi þjálfun fyrir starfsfólk, vandaða leiðsögn og handleiðslu, og reglulegt ferli- og árangursmat

Stjórnvöld tryggja að ytra umhverfi styðji við þær breytingar sem verið er að innleiða, s.s. með stefnumótun, fjármagni, setningu laga eða reglugerða o.s.frv. (Fixen, Naoom, Blase, Friedman og Wallace, 2005)

Í áframhaldandi vinnu með tillögur starfshópsins er því mikilvægt að horft verði til stöðu þekkingar á gagnreyndum aðferðum við árangursríka innleiðingu. Umfram allt þarf að gera sér grein fyrir því að innleiðingarferlið sem slíkt þarf að undirbúa, skipuleggja, framkvæma og fylgja eftir með gagnreyndum aðferðum ekki síður en inntak þeirrar nálgunar, starfshátta, úrræða eða þjónustu sem ætlunin er að innleiða (Sugai og Stephan, 2013). Farsæl innleiðing tekur auk þess langan tíma en til dæmis er talað um að raunveruleg breyting á skipulagi innan skóla taki 2-4 ár (Sandler o.fl., 2013). Slík langtímahugsun má ekki draga úr hvata til umbóta heldur er þvert á móti mikilvægt að skilja að langur undirbúningstími, vandleg skipulagning, uppbygging innviða og fjárfesting í aukinni þekkingu og færni eru nauðsynlegar undirstöður farsælla breytinga.

Tillögur starfshópsins eru settar fram í átta liðum:

1. Geðræktarkennsla á öllum skólastigum
2. Þrepaskiptur stuðningur í skólastarfi
3. Samstarf kerfa í þágu barna og ungmenna
4. Skólaumhverfi sem styður við vellíðan
5. Þekking og færni til að vinna með hegðun, líðan og samskipti barna og ungmenna
6. Gagnreynd nálgun að hegðun í skólakerfinu
7. Skólatengsl og samstarf við foreldra
8. Réttur til gæðamenntunar og gagnreyndra stuðningsúrræða

## **1. Geðræktarkennsla á öllum skólastigum**

Markmið: Að tryggja vandaða og markvissa kennslu í félags- og tilfinningafærni fyrir alla aldurshópa á öllum skólastigum.

Rökstuðningur: Félags- og tilfinningafærni er mikilvæg undirstaða farsæls náms og þroska barna og ungmenna (Durlak o.fl., 2011; Greenberg, Domitrovich, Weissberg og Durlak, 2017; Taylor o.fl., 2017). Í dag á þessi kennsla sér engan fastan stað í íslensku menntakerfi, að undanskildu leikskólastiginu þar sem félags- og tilfinninganám virðist samofin almennu skólastarfi. Í grunn- og framhaldsskólum hefur lífsleikni jafnan verið vettvangur þessarar kennslu en margt bendir til þess að sá vettvangur nýtist ekki sem skyldi fyrir markvissa kennslu í félags- og tilfinningafærni. Í fyrsta lagi hefur félags- og tilfinningafærni aðeins verið eitt af mörgum viðfangsefnum lífsleikni, sem á einnig að fjalla um fjölbreytt atriði eins og fjármálalæsi, umhverfis- og náttúruvitund, sjálfbærni, menningu og listir. Ekki er dregið úr mikilvægi slíkra áhersluþátta í námi en ljóst er að kennsla í félags- og tilfinningafærni verður ekki árangursrík nema hún fái nægilegan fókus og tíma. Í öðru lagi er lífsleikni ekki lengur sjálfstæð námsgrein heldur ein af mörgum sem falla undir

samfélagsgreinar, en þeirra á meðal eru samfélagsfræði, saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði og heimspeki. Ekki er því lengur gerð krafa um að skólar geri sérstaka áætlun um kennslu lífsleikni né eru skilgreind hæfniviðmið sérstaklega fyrir þá kennslu. Í þriðja lagi er enginn sérstakur viðmiðunarfjöldi kennslustunda tilgreindur í aðalnámsskrá fyrir kennslu í lífsleikni, heldur aðeins samfélagsgreinar sem heild, sem telja að minnsta kosti níu ólíkar námsgreinar. Ef gera á ráð fyrir að þær fái allar jafnt vægi í kennslu væri um 1% af kennslutíma í grunnskólum varið til kennslu í lífsleikni, sem aftur fæst við margvísleg önnur viðfangsefni en félags- og tilfinningafærni. Til samanburðar er gert ráð fyrir að tæpum 10% af kennslutíma í grunnskólum sé varið í skólaþróttir.

Það er niðurstaða þess starfshóps sem nú skilar af sér tillögum að færni á sviði hegðunar, tilfinninga og félagslegra samskipta sé grundvöllur farsæls náms og þurfi að eiga sinn fasta sess í skipulagi kennslu og skólastarfs á öllum skólastigum. Auk þess er nauðsynlegt að kennarar sem sinna slíkri kennslu eigi kost á sérhæfingu í námi rétt eins og þeir sem sinna íþróttakennslu. Þá þarf að tryggja að skólum á öllum skólastigum bjóðist aðgengilegt og gagnreynt námsefni til kennslu í félags- og tilfinningafærni. Margt af því námsefni sem til er hér á landi er komið vel til ára sinna og skortur er á gagnreyndu námsefni fyrir eldri og yngri nemendur. Mikilvægt er því að þessi málaflokkur fái skýrt vægi í námsefnisútgáfu og fagleg stefnumörkun eigi sér stað varðandi hvaða efni skuli bjóða skólum á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

- **Aðgerð 1.1:** Geðrækt verði sjálfstæð námsgrein í aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla, og sjálfstætt viðfangsefni í leikskólum, sem tileinkað er kennslu í félags- og tilfinningafærni með skilgreindum hæfniviðmiðum og viðmiðunarstundarskrá þar sem við á.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 1.2:** Kennaranemar eigi kost á sérhæfingu í námi og geti útskrifast sem geðræktarkennarar. Geðræktarkennaranám væri byggt upp sem fræðilegt, verklegt og starfstengt nám með áherslu á þroskasálfræði, kennslufræði, skólasálfræði, atferlisfræði, félagsfræði, uppeldisfræði, félagssálfræði, klíníska barnasálfræði og gagnreyndar aðferðir til að efla hegðun, líðan og samskipti barna og ungmenna í skólastarfi.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 1.3:** Föstu stöðugildi verkefnastjóra geðræktar í skólastarfi verði komið á fót hjá Menntamálastofnun sem hafi sérþekkingu á geðrækt í skólastarfi, þrepaskiptum stuðningi í skólastarfi og félags- og tilfinninganámi. Viðkomandi hefðu faglega umsjón með útgáfu námsefnis á þessu sviði, bæru ábyrgð á því að það standist kröfur um gæði og sinntu þjálfun og handleiðslu til kennara í þeim tilfellum þegar gert er ráð fyrir slíkri leiðsögn við innleiðingu efnisins.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 1.4:** Menntamálastofnun marki sér stefnu um útgáfu geðræktarnámsefnis byggða á niðurstöðum rannsókna, s.s. hvaða efni skuli standa skólum til boða og tryggja aðgengi að því ásamt þjálfun kennara ef þarf.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- **Aðgerð 1.5:** Rannsakendum á sviði hegðunar og líðanar barna verði falið að meta árangur af námsefni og heildarskólanálgun sem algengt er að sé í notkun í íslenskum skólum en hefur ekki verið nægilega vel rannsakað.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

## **2. Prepaskiptur stuðningur í skólastarfi**


**Markmið:** Að byggja upp innviði á öllum stigum menntakerfisins sem styður við innleiðingu og viðhald á stigskiptum stuðningi í skólastarfi sem nær til geðræktar, forvarna, skimana, snemmtækra úrræða og árangursríks stuðnings við nemendur.

**Rökstuðningur:** Til þess að geðrækt, forvarnir og árangursríkur stuðningur við börn og ungmenni verði fastur liður í skólastarfi þurfa innviðir skólakerfisins að styðja við slík vinnubrögð. Samkvæmt nýafstaðinni stöðugreiningu Embættis landlæknis (2019) er ljóst að sú er ekki raunin í íslensku skólakerfi. Fáir skólar hafa markað sér skýra stefnu og áætlanir á þessu sviði, vinna samkvæmt skilgreindu verklagi, hafa skilgreind markmið fyrir kennslu í félags- og tilfinningafærni, hafa samræmd vinnubrögð þegar kemur að hegðun nemenda, hagnýta gögn og árangursmælingar til að efla geðræktarstarf og skólabrag eða fylgjast með því hvort starfshættir sem nýta á til að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni nemenda einkenni í raun dagleg störf í skólanum. Víða er skortur á skilgreindum hlutverkum þeirra sem eiga að halda utan um framkvæmd og endurmat á stuðningi við nemendur, fullnægjandi upplýsingaflæði til foreldra eða umgjörð um mikilvæg atriði eins og viðbrögð við geðheilbrigðisvanda, vanrækslu og ofbeldi meðal nemenda og tilkynningaskyldu til barnaverndar. Hér er um kerfislæg vandamál að ræða sem virðast ekki hafa verið leyst með ákvæðum í lagaumgjörð skólakerfisins. Mikilvægt er því að koma á fót prepaskiptum stuðningi í skólastarfi í samræmi við bestu þekkingu sem einkennast af skýru skipulagi og skilgreindum hlutverkum aðila skólasamfélagsins, árangursríkri kennslu og stuðningi við hegðun, líðan og félagsfærni, þverfaglegu samstarfi skóla og skólaþjónustu, virkri teymisvinnu og markvissri nýtingu gagna og gæðastjórnunar til að efla skólabrag, kennslu, forvarnir og stuðning í skólastarfi.


- **Aðgerð 2.1:** Ráðinn verði hópur fagfólks sem geri áætlun til stjórnvalda til 2030 um innleiðingu þrepaskipts stuðnings í skólastarfi á öllum skólastigum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 2.2:** Sett verði á fót fagleg þekkingarmiðstöð á landsvísu um gagnreyndar aðferðir og þrepaskiptan stuðning í skólastarfi og skólaþjónustu.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 2.3:** Sett verði á fót miðlægt innleiðingarteymi sem fylgi eftir innleiðingaráætlun stjórnvalda og leiðbeini stuðningsteymum sveitarfélaga og landshluta (sjá myndir 2 og 3) við að koma á fót þrepaskiptum stuðningi í leik-, grunn- og framhaldsskólum um allt land.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 2.4:** Settur verði á fót faghópur um skimun í skólastarfi fyrir erfiðleikum á sviði hegðunar, líðanar og félagsfærni sem setji fram rökstudda áætlun um hvort, hvenær og

hve oft skuli skima fyrir slíkum erfiðleikum, með hvaða hætti eigi að skima, hver skuli sinna framkvæmd, hvernig farið skuli með gögn og hvernig eftirfylgd skuli háttað.

- **Ábyrgð:** Embætti landlæknis.



**Mynd 2: Innleiðingarferli þrepaskipts stuðnings í skólastarfi**



**Mynd 3: Dæmi um skipulag miðlægs innleiðingarteymis og stuðningsteyma landshluta, sveitarfélaga og hverfa**

- **Aðgerð 2.5:** Sett verði á fót þverfagleg stuðningsteymi skóla- og félagsþjónustu stærstu sveitarfélaganna, í samvinnu við heilsugæslu, til að leiðbeina leik-, grunn- og

framhaldsskólum um markviss vinnubrögð á sviði geðræktar, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í formi þrepaskipts stuðnings, þjálfunar og handleiðslu fyrir stjórnendur og starfsfólk, skimun fyrir erfiðleikum og hagnýtingu gagna til að meta árangur og leiðbeina um framvindu. Í tilfellum smærri sveitarfélaga verði komið á fót landshlutaskrifstofum og stuðningsteymum innan þeirra með sambærileg hlutverk og leiðbeiningaskyldu gagnvart leik-, grunn- og framhaldsskólum á því landsvæði.

- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 2.6:** Í öllum leik-, grunn- og framhaldsskólum starfi þverfagleg teymi með fulltrúum kennara og fagfólks stoðþjónustu (s.s. námsráðgjafa, þroskaþjálfara, skólasálfræðinga, sérkennara o.s.frv.) sem sinna skipulagi, framkvæmd og símati á árangri kennslu, vinnulags, inngripa og úrræða í skólanum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.
- **Aðgerð 2.7:** Allir leik-, grunn- og framhaldsskólar móti sér stefnu og áætlun sem kveður á um skipulag og framkvæmd geðræktarstarfs, forvarna og stuðningsúrræða í samræmi við þrepaskiptan stuðning.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.
- **Aðgerð 2.8:** Allir leik-, grunn- og framhaldsskólar skili árlegri greinargerð um tilhögun geðræktarstarfs og þrepaskipts stuðnings til svæðisbundinna stuðningsteyma sveitarfélaga og landshluta.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.
- **Aðgerð 2.9:** Allir skólar framkvæmi árlega greiningu á því hvaða úrræði eru til staðar og hvort þörfum allra barna og ungmenna í skólanum sé mætt til að koma auga á göt í þjónustu. Greiningum sé skilað til svæðisbundinna stuðningsteyma sveitarfélaga og landshluta. Ráðuneyti og sveitarfélög geri í framhaldi áætlun um úrbætur í samvinnu við stjórnendur og innri teymi skólanna sem fylgt er eftir með markvissum hætti, t.d. af viðeigandi eftirlitsaðilum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.
- **Aðgerð 2.10:** Mat á skilvirkni og samfellu geðræktarstarfs og þrepaskipts stuðnings í skólastarfi verði hluti af innra og ytra mati skóla á öllum skólastigum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.

### **3. Samstarf kerfa í þágu barna og ungmenna**

**Markmið:** Að tryggja öllum aðilum skólasamfélagsins faglegan stuðning til þess að nám og líf barna verði farsælt, óháð því á hvaða skólastigi þau stunda nám, og stuðla að samfellu í skólastarfi þar sem stuðningur og úrræði haldast óbreytt þótt börn fari á milli skólastiga

**Rökstuðningur:** Í þeim fjölmörgu greiningum sem gerðar hafa verið á þörfum skólasamfélagsins hér á landi hefur komið fram skýrt ákall um skýrara skipulag, aukinn stuðning við bæði nemendur og starfsfólk, markvissari teymisvinnu og aukna þverfaglega samvinnu innan veggja skólans þar



sem starfsfólk stuðningskerfa, s.s. sálfræðingar, félagsráðgjafar og þroskaþjálfar, starfa við hlið kennara og annars starfsfólks (Embætti landlæknis, 2015; 2018; 2019; Reykjavíkurborg, 2017; 2018; Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012; 2017). Skortur á stuðningi kemur ítrekað fram sem einn helsti álagsþáttur í starfi kennara sem hafa lengi kallað eftir aukinni leiðsögn og handleiðslu á vettvangi (Birna Sigurjónsdóttir, 2017; Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006; Reykjavíkurborg, 2017; 2018; Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012; 2017). Í landskönnun Embættis landlæknis (2019) kom fram áberandi skortur á stuðningi við starfsfólk í grunn- og framhaldsskólum vegna hegðunar, líðanar og félagslegra erfiðleika nemenda og virtist staðan sérstaklega slæm í grunnskólum. Á báðum skólastigum var áberandi ákall um aukið þverfaglegt samstarf og aðgengi að sérfræðiþjónustu en þrisvar sinnum fleiri ábendingar komu varðandi þennan þátt í opnum svörum starfsfólks heldur en um önnur atriði sem bæta mætti í skólastarfi.

Á framhaldsskólastigi er jafnframt brýnt að skilgreina hver skuli sinna stuðningsþjónustu við nemendur og starfsfólk en í dag hefur enginn það formlega hlutverk. Þó segir í reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaganna við leik- og grunnskóla að sveitarfélög geti tekið að sér sérfræðiþjónustu fyrir framhaldsskóla með sérstökum þjónustusamningum við þá eða mennta- og menningarmálaráðuneytið. Eins er kveðið á um að leggja skuli áherslu á góð tengsl milli leik-, grunn- og framhaldsskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi og að fylgja skuli málum nemenda með sérþarfir eftir til framhaldsskóla. Eðlilegast væri því að leita leiða til að formgera betur samstarf framhaldsskóla við stuðningskerfi í nærumhverfi og væri hagur ungmenna í framhaldsskólum líklega best tryggður með þeim hætti.

- **Aðgerð 3.1:** Skóla-, félags- og heilbrigðisþjónusta verði styrkt til að tryggja starfsfólki skóla ráðgjöf, stuðning og handleiðslu á vettvangi í samræmi við þörf.
- **Ábyrgð:** Ráðuneyti heilbrigðis-, félags- og mennta- og menningarmála.
- **Aðgerð 3.2:** Samstarf þjónustuaðila ríkis og sveitarfélaga í nærumhverfi, s.s. skóla- og félagsþjónustu og heilsugæslu verði hluti af lögbundinni starfsemi þessara stofnana. Skilgreint verði hvernig þessu samstarfi skuli háttað með það fyrir augum að efla nána samvinnu, skýra verkaskiptingu, skilvirkni og samfellu í þjónustu og miðlun upplýsinga milli kerfa í þágu velferðar barna og fjölskyldna.
- **Ábyrgð:** Ráðuneyti heilbrigðis-, félags- og mennta- og menningarmála.
- **Aðgerð 3.3:** Lögfesta hlutverk málastjóra sem fylgir málum nemenda eftir til enda, sér til þess að þörfum þeirra sé mætt, tengir saman ólík þjónustukerfi, tryggir samfellu milli skólastiga og heildstæðan stuðning sem nær einnig til foreldra.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 3.4:** Farið verði í heildstæða greiningu á þörfum fyrir fjármagn, þekkingu, mönnun og aðföng innan heilsugæslu og stofnana á þriðja þjónustustigi, s.s. Barna- og unglingsgeðdeildar Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Markviss áætlun sett fram um eflingu geðheilbrigðisþjónustu þessara stofnana sem tryggir að þær geti sinnt börnum og ungmönnum með þjónustuþarfir sem ná umfram þjónustu sem veitt er af skóla- og félagsþjónustu með skilvirkum og árangursríkum hætti.
- **Ábyrgð:** Heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

#### 4. Skólaumhverfi sem styður við vellíðan

Markmið: Að starfsaðstæður og umhverfi í skólum styðji við faglegt starf, velferð og vellíðan barna og starfsfólks

Rökstuðningur: Á undanförnum árum hafa víða komið fram vísbendingar um að starfsumhverfi leik- og grunnskóla sé ábótavant og hafi neikvæð áhrif á líðan barna og starfsfólks (Reykjavíkurborg, 2017; 2018; Samband íslenskra sveitarfélaga, 2017). Nú síðast í nýafstaðinni landskönnun Embættis landlæknis (2019) þar sem fram kom að erfitt sé að takmarka áreiti í umhverfi barna í stórum hluta leik- og grunnskóla, hljóðvist sé slæm og hópar of fjölmennir, einkum í leikskólum. Þá var aðgengi fatlaðra aðeins gott í um og undir helmingi skólanna að mati svarenda. Í framhaldsskólum voru starfsaðstæður að mestu leyti taldar góðar en þó voru loftgæði aðeins metin góð í 40% framhaldsskóla og bekkir taldir of fjölmennir í rúmum þriðjungi skólanna.

Starfsmannavelta var áberandi vandamál í flestum leikskólum, og mannekla sömuleiðis í helmingi leik- og grunnskóla. Í öllum tilfellum var þetta talið hamla gæðum starfsins að mati starfsfólks. Eins hafa komið fram ábendingar um skort á undirbúningsrýmum fyrir kennara, aðstöðu fyrir sérkennslu og stuðning við börn og að leita þurfi leiða til að stytta vistunartíma barna, einkum þeirra yngstu sem eigi erfitt með að vera langa daga í miklu áreiti og hafi meiri þörf fyrir samvistir við foreldra sína (Embætti landlæknis, 2019; Reykjavíkurborg 2017; 2018). Ljóst er þó að þetta er ekki málefni sem skólakerfið getur leyst á eigin spýtur heldur þurfa samfélagslegar aðgerðir að koma til enda erfitt að stytta dvalartíma ungra barna í leikskólum nema með styttri vinnutíma foreldra þeirra.

- **Aðgerð 4.1:** Sveitarfélög fylgi eftir umbótaáætlunum sínum á grundvelli niðurstaðna könnunar á húsnæði og starfsaðstæðum grunnskóla árið 2017.
- **Ábyrgð:** Sveitarfélög.
- **Aðgerð 4.2:** Gerðar verði sambærilegar kannanir á húsnæði og starfsaðstæðum leikskóla og framhaldsskóla og ráðist í umbætur í kjölfarið.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.
- **Aðgerð 4.3:** Skipulagning skólastarfs og vinnufyrirkomulags í skólum geri ráð fyrir tíma kennara til utanumhalds um málefni nemenda, samvinnu við aðra kennara, starfsfólk skóla og skóláþjónustu.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.
- **Aðgerð 4.4:** Stjórnvöld ráðist í heildstæðar aðgerðir um að stytta viðveru yngri barna í leik- og grunnskólum og vinnuviku foreldra til að skapa meira jafnvægi milli dvalar í leikskólum og samveru með foreldrum.
- **Ábyrgð:** Félagsmálaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneyti

## 5. Þekking og færni til að vinna með hegðun, líðan og samskipti barna og ungmenna

Markmið: Að allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hafi góða þekkingu á þroska barna og ungmenna, áhættu- og verndandi þáttum fyrir geðheilsu, einkennum geð- og þroskaraskana, ofbeldis og vanrækslu ásamt gagnreyndum aðferðum til að efla jákvæða hegðun, líðan og samskipti barna og ungmenna.

Rökstuðningur: Þekking á jákvæðum og árangursríkum leiðum til að vinna með líðan, hegðun og samskipti barna og ungmenna er nauðsynleg til að tryggja fagleg vinnubrögð í skóla- og frístundastarfi. Í nýafstaðinni landskönnun embættis landlæknis (2019) kom fram að í fæstum skólum þvert á skólastig fékk starfsfólk reglubundna þjálfun við að nýta gagnreyndar aðferðir á sviði hegðunar og bekkjastjórnunar. Áður hafa komið fram ábendingar um að ekki sé lögð næg áhersla á slíka þætti í námi kennara (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012; 2017). Í skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2017) um menntun fyrir alla kemur fram að til þess að styðja við farsælt nám þurfi kennarar að skilja og kunna leiðir til að hafa áhrif á áhrifaþætti náms, þ.m.t. líðan nemenda. Kennarar þurfi að geta lagað skólustarfið að þörfum hvers og eins til að tryggja fulla þátttöku allra nemenda. Til þess að starfsfólk í vinnu með börnum og ungmennum geti komið til móts við ólíkar þarfir í menntakerfi fyrir alla, stuðlað að umhverfi sem einkennist af jafnrétti og réttlæti, og sinnt skyldu sinni gagnvart velferð barna er nauðsynlegt að þekking á þroska, hegðun, líðan og samskiptum barna sé mikil og almenn í skólakerfinu. Góð þekking á þessu sviði er undirstaða þess að allt starfsfólk geti tekið þátt í uppbyggingu og framkvæmd geðræktarstarfs, að hægt sé að styðja á heilstæðan hátt við hegðunar-, félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna í öllu skólustarfi, ekki bara í formlegum kennslustundum, og að hægt sé að koma á samræmdum starfsháttum, sameiginlegum áætlunum og samfellu milli skólastiga hvað þessi atriði varðar.

- **Aðgerð 5.1:** Tryggt verði að í námi allra verðandi kennara á leik-, grunn og framhaldsskólastigi séu skylduáfangar um áhættu- og verndandi þætti fyrir geðheilsu, geð- og þroskaraskanir meðal barna og unglunga, áföll og erfiða reynslu í bernsku, námserfiðleika, hagnýtingu gagna og árangursmælinga í skólustarfi og gagnreyndar aðferðir á sviði hegðunar, líðanar, samskipta og hóp- eða bekkjastjórnunar
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 5.2:** Stuðningsteymi sveitarfélaga og landshluta sinni reglubundinni fræðslu um þroska barna, áhættu- og verndandi þætti geðheilsu, einkenni geð- og þroskaraskana barna og unglunga, einkenni, afleiðingar og áhrif ofbeldis og vanrækslu á nám og gagnreyndar aðferðir til að efla jákvæða hegðun, líðan og samskipti í skóla- og frístundastarfi fyrir alla leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar á sínu umsjónarsvæði. Stuðningsteymin geri árlegar áætlanir um hvernig að slíkri fræðslu skuli staðið og skili til miðlægs innleiðingarteymis.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.
- **Aðgerð 5.3:** Lögð verði áhersla á geðrækt og forvarnir í símenntunaráætlunum leik-, grunn- og framhaldsskóla.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.

- **Aðgerð 5.4:** Námsleyfa- og starfsþróunarsjóðir geri eflingu þekkingar og færni starfsfólks á sviði gagnreyndra aðferða til að vinna með hegðun, líðan og félagsfærni barna að áherslusviðum sínum í auknum mæli.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélög og Kennarasamband Íslands

## 6. Gagnreynd nálgun að hegðun í skólakerfinu

**Markmið:** Að efla árangursrík vinnubrögð þegar kemur að hegðun barna í skólum sem ýta undir jákvæð skólatengsl og eykur færni barna og unglunga á sviði hegðunar, sjálfsstjórnar og samskipta.

**Rökstuðningur:** Hegðunarerfiðleikar eru algengur vandi í skólum sem valda bæði nemendum og starfsfólki álagi. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að stór hluti kennara í grunnskólum finnur fyrir einkennum tilfinningaþrots og hefur jafnvel íhugað að hætta kennslu vegna hegðunarerfiðleika nemenda (Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir, 2014). Hegðunarerfiðleikar hjá börnum eru jafnframt áhættuþáttur fyrir þróun frekari vanda (Colman o.fl., 2009; Fergusson, Horwood og Ridder, 2005) og því ætti að líta á börn með hegðunavanda sem viðkvæman áhættuhóp sem mikilvægt er að mæta á árangursríkan hátt. Bent hefur verið á að líta eigi á vanda þessara barna sem þroskatengdan, fremur en siðferðislegan, og að vinnubrögð ættu að einkennast af forvörnum og stuðningi fremur en viðurlögum (Skiba og Losen, 2016; Gregory o.fl. 2017; Razer, 2018). Í íslenskum lögum og reglugerðum er hvorki gerð krafa um notkun gagnreyndra aðferða til að styðja við hegðun barna og ungmenna í skólum né skilgreind ábyrgð skólans á því að kenna börnum þá færni sem ætlast er til af þeim í skólanum. Aftur á móti kemur fram að útiloka meggi nemendur frá ýmsum aðstæðum í skóla- og frístundastarfi, jafnvel vísa þeim úr skóla tímabundið eða ótímabundið, takist þeim ekki að stjórna hegðun sinni.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að útilokandi aðgerðir hafa neikvæð áhrif á skólagöngu barna og samræmast því ekki bestu hagsmunum þeirra (Skiba og Losen, 2016). Eins er vel þekkt að það eru einkum nemendur sem glíma við sálfélagslega erfiðleika sem verða fyrir refsingum og viðurlögum vegna hegðunar sem vegur alvarlega að stöðu viðkvæmra hópa í skólakerfinu og styrkir vítahring jaðarsetningar sem þessir nemendur búa gjarnan þegar við (Razer, 2018; Skiba og Losen, 2016).

Til þess að tryggja réttlæti og jafnrétti í menntakerfi fyrir alla er því mikilvægt að efla þekkingu og færni allra í skólasamfélaginu til að beita gagnreyndri, jákvæðri og lausnamiðaðri nálgun að hegðun barna og ungmenna með áherslu á færniþjálfun, markvissan stuðning við jákvæða hegðun, fyrirbyggjandi aðgerðir, árangursríka bekkjastjórnun, jákvæð samskipti og tengslamyndun, ekki síst við nemendur sem eiga erfitt uppdráttar, og ríkulegan stuðning og handleiðslu við starfsfólk.

- **Aðgerð 6.1:** Miðlægt innleiðingarteymi leiðbeini stuðningsteymum sveitarfélaga og landshluta um gagnreyndar og jákvæðar aðferðir í tengslum við hegðun í skólum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 6.2:** Allir leik-, grunn- og framhaldsskólar marki sér stefnu og skilgreini vinnulag í tengslum við hegðun barna og ungmenna sem byggir á gagnreyndum aðferðum og unnin sé í ríkri samvinnu við skólaþjónustu, foreldra og nemendur.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.

- **Aðgerð 6.3:** Stuðningsteymi sveitarfélaga og landshluta leiðbeini leik- og grunn- og framhaldsskólum við móttun jákvæðrar hegðunarstefnu og innleiðingu gagnreyndra og lausnamiðaðra aðferða til að efla æskilega hegðun, draga úr óæskilegri hegðun og koma í veg fyrir að refsandi eða útilokandi aðgerðum sé beitt með viðvarandi fræðslu, ráðgjöf, þjálfun og handleiðslu á vettvangi.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.
- **Aðgerð 6.4:** Endurskoðun ákvæða um hegðun og skólareglur í lögum um grunn- og framhaldsskóla, og tengdum reglugerðum, þannig að þau endurspegli skilning á þroska og réttindum barna, ábyrgð fullorðinna gagnvart velferð þeirra, tryggi jákvæðan stuðning með gagnreyndum aðferðum til að ná færni sviði hegðunar og banni notkun útilokandi aðgerða nema ekki sé hægt að tryggja öryggi nemenda og starfsfólks með öðrum hætti.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

## **7. Skólatengsl og samstarf við foreldra**

**Markmið:** Að stuðla að jákvæðri skólagöngu barna og ungmenna þar sem þau finna fyrir umhyggju og stuðningi og haldi skólagöngu áfram að loknum grunnskóla..

**Rökstuðningur:** Jákvæð tengsl við skóla eru mikilvæg fyrir farsæla skólagöngu. Rannsóknir hafa sýnt að skólatengsl hafa áhrif á ótal þætti í námi, s.s. mætingu, áhuga, hegðun og námsárangur. Þau má m.a. efla með jákvæðum, persónulegum samskiptum milli nemenda og starfsfólks þar sem nemendur finna fyrir stuðningi og öryggi (Blum og Libbey, 2004). Hér er talið lykilatridi að nemendur myndi tengsl við að minnsta kosti einn starfsmann í skólanum sem þeir treysta og geta leitað til ef á þarf að halda. Eins skiptir máli að gott samstarf sé milli heimilis og skóla. Bæði foreldrar og skólar gegna mikilvægu uppeldis- og ábyrgðarhlutverki gagnvart börnum og ungmönnum og því mikils um vert að þessir aðilar vinni vel saman.

Í könnun Embættis landlæknis mátti sjá mun á framhaldsskólum samanborið við önnur skólastig hvað varðar tengsl við skóla og samstarf við foreldra. Mun færri framhaldsskólar, en skólar á öðrum skólastigum, unnu markvisst að því að efla foreldrasamstarf og skólatengsl, s.s. með reglulegum foreldraviðtölum, tengslakönnunum og að gæta þess að nemendur mynduðu persónuleg tengsl við að minnsta kosti einn starfsmann. Í ljósi mikilvægi þessara þátta fyrir farsæla skólagöngu, og áherslu stjórnvalda á að draga úr brotthvarfi úr framhaldsskólum, er æskilegt að skerpa á þessum þáttum í starfi framhaldsskóla.

- **Aðgerð 7.1:** Hlutverk umsjónarkennara verði skilgreint í lögum um framhaldsskóla þannig að allir framhaldsskólanemar eigi sinn umsjónarkennara sem fylgi þeim eftir til 18 ára aldurs og haldi reglulegu sambandi við foreldra, þ.m.t. í gegnum regluleg viðtöl við nemendur og foreldra.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 7.2:** Sett verði á fót tilraunaverkefni um útfærslu tengslakannana eða skimana fyrir veikum félagstengslum í framhaldsskólum með aðstæður þess skólastigs í huga.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- **Aðgerð 7.3:** Settur verði á fót vinnuhópur með hlutaðeigandi fulltrúum, s.s. frá Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla, sem útbúi miðlægar leiðbeiningar um uppbyggingu farsæls samstarfs milli foreldra og starfsfólks í leik-, grunn- og framhaldsskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 7.4:** Skólastjórnendur á hverju skólastigi marki skýra stefnu um samstarf við foreldra í samráði við foreldrafélög þar sem m.a. er gert ráð fyrir að hægt sé að leita til skólaþjónustu eða annarra fagaðila eftir ráðgjöf og fræðslu um farsælt foreldrastarf.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.

## **8. Réttur til gæðamenntunar og gagnreyndra stuðningsúrræða**

**Markmið:** Að tryggja öllum börnum og ungmennum á Íslandi gæðamenntun þar sem einstaklingsbundnum þörfum er mætt á árangursríkan hátt í því skyni að jafna stöðu og tækifæri allra barna til náms og farsældar.

**Rökstuðningur:** Lög og reglugerðir kveða á um að börn og ungmenni skuli njóta þess stuðnings sem þau þurfa á að halda vegna námslegra-, þroskatengdra-, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika til að geta stundað nám með farsælum hætti. Þrátt fyrir þetta sjást víða merki þess að ekki takist að mæta þörfum þessara nemenda nægilega vel í skólakerfinu. Í landskönnun embættis landlæknis (2019) kom fram að víða er skortur á heildstæðri umgjörð um stuðning við nemendur. Til dæmis voru snemmtæk og sívirk úrræði til að mæta þörfum nemenda aðeins til staðar í tveimur af hverjum þremur grunnskólum og í rúmum helmingi skóla reyndust allir nemendur, sem áttu erfitt með nám, hegðun eða aðra þætti sem hindruðu farsæla skólagöngu, fá einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun. Þá var aðeins helmingur grunnskóla með sérmenntaða aðila á sviði náms-, hegðunar- og tilfinningavanda sem höfðu yfirumsjón með framkvæmd og endurmati einstaklingsmiðaðra stuðningsáætlana. Enn sjaldgæfar var að slíkir aðilar handleiddu annað starfsfólk í málefnum viðkomandi nemenda. Þegar slíka umgjörð skortir er erfitt að tryggja að réttindi nemenda til stuðnings séu virt og tillit sé tekið til einstaklingsbundinna þarfa í námi.

Í nýlegri úttekt á framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla á Íslandi er grundvallarstef að stuðla beri að auknum jöfnuði í menntakerfinu og jöfnum tækifærum allra nemenda (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2017). Í því skyni þurfi allt starf löggjafans, sem tengist menntakerfi án aðgreiningar, að byggjast á rétti hvers og eins til menntunar. Bent er á að æskilegt sé að ríkjandi löggjöf verði endurskoðuð til að tryggja að skýrt sé kveðið á um rétt nemenda til gæðamenntunar og öflugs stuðnings með það að markmiði að auka áhuga þeirra á námi og þátttöku í skólastarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2017). Ljóst er að víða er misbrestur á því að framkvæmd stuðnings sé eins lög gera ráð fyrir og þarf að leita leiða til að tryggja með öruggari hætti að börn njóti þess stuðnings sem þau eiga rétt á innan skólakerfisins lögum samkvæmt.

- **Aðgerð 8.1:** Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla og tengdra reglugerða þannig að réttur barna og unglunga til gagnreyndra kennsluáðferða og stuðningsúrræða í skólum sé lögfestur með skilgreindum ábyrgðarhlutverkum og eftirlitsaðilum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- **Aðgerð 8.2:** Gerð verði breyting á lögum um framhaldsskóla og samsvarandi reglugerð sett sem skilgreini skólaþjónustu á framhaldsskólastigi í samræmi við reglugerð um skólaþjónustu leik- og grunnskóla.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 8.3:** Unnið verði á grundvelli tillagna Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir um gerð lágmarksviðmiða um sérfræðiþjónustu skóla á öllum skólastigum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 8.4:** Komið verði á fót markvissu gæðaeftirliti og eftirfylgd til að tryggja að öll börn og ungmenni fái þann stuðning í skóla- og frístundastarfi sem þeim ber samkvæmt lögum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 8.5:** Lögfesta að sýna verði fram á með rökstuddum hætti að fullnægjandi kennsla, stuðningur og úrræði hafi farið fram á fyrri þrepum áður en vísað er í úrræði á efri þrepum.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- **Aðgerð 8.6:** Lögfesta að úrræði á efri þrepum skuli árangursmeta og endurskoða á hverri önn hið minnsta, oftast ef ástæða þykir til, þannig að nemandi sé tryggt besta námsumhverfi miðað við þarfir á hverjum tíma.
- **Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

## 4. Heildaryfirlit og samlegð við önnur verkefni

Nr.	Tillögur	Samlegð við önnur verkefni	Ábyrgð
<b>1.</b>	Geðræktarkennsla á öllum skólastigum		
<b>1.1</b>	Geðrækt verði sjálfstæð námsgrein í aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla og sjálfstætt viðfangsefni í leikskólum	Nýtt verkefni	MRN
<b>1.2</b>	Kennaranemar eigi kost á sérhæfingu í námi og geti útskrifast sem geðræktarkennarar	Endurskoðun á reglugerð um inntak kennaramenntunar / Kennararáð	MRN
<b>1.3</b>	Föstu stöðugildi verkefnastjóra geðræktar í skólastarfi verði komið á fót hjá Menntamálastofnun	Nýtt verkefni	MRN
<b>1.4</b>	Menntamálastofnun marki sér stefnu um útgáfu geðræktarnámsefnis	Hlutverk MMS skv. lögum	MRN
<b>1.5</b>	Rannsakendum á sviði hegðunar og líðanar barna verði falið að meta árangur af námsefni og heildarskólanálgun	Nýtt verkefni	MRN
<b>2.</b>	Þrepaskiptur stuðningur í skólastarfi		
<b>2.1</b>	Ráðinn verði hópur fagfólks sem geri áætlun til stjórnvalda til 2030 um innleiðingu þrepaskipts stuðnings í skólastarfi á öllum skólastigum	Stýrihópur í málefnum barna Heilsueflandi skólar Heilsueflandi samfélag	MRN
<b>2.2</b>	Sett verði á fót fagleg þekkingarmiðstöð á landsvísi um gagnreyndar aðferðir og þrepaskiptan stuðning í skólastarfi og skólaþjónustu	Stýrihópur í málefnum barna Heilsueflandi skólar Heilsueflandi samfélag	MRN
<b>2.3</b>	Sett verði á fót miðlægt innleiðingarteymi sem fylgi eftir áætlun stjórnvalda um þrepaskiptan stuðning í skólastarfi	Stýrihópur í málefnum barna Heilsueflandi skólar Heilsueflandi samfélag	MRN og FRN
<b>2.4</b>	Settur verði á fót faghópur um skimun fyrir hegðunar-, félags- og tilfinningavanda í skólastarfi	Hlutverk EL	EL
<b>2.5</b>	Sett verði á fót þverfagleg stuðningsteymi skóla- og félagsþjónustu stærstu sveitarfélaganna og landshlutaskrifstofur fyrir smærri sveitarfélög	Stýrihópur í málefnum barna Byggðaáætlun, aðgerð A.04 Heilsueflandi samfélag	MRN og FRN
<b>2.6</b>	Í öllum leik-, grunn- og framhaldsskólum starfi þverfagleg teymi sem sinni skipulagi, framkvæmd og símati á kennslu, geðræktarstarfi, forvörnum og stuðningi	Stýrihópur í málefnum barna Heilsueflandi skólar	MRN og sveitarfélög
<b>2.7</b>	Allir leik-, grunn- og framhaldsskólar móti sér stefnu og áætlun um skipulag og framkvæmd geðræktarstarfs, forvarna og stuðningsúræða í samræmi við þrepaskiptan stuðning	Stýrihópur í málefnum barna Heilsueflandi skólar	MRN og sveitarfélög



<b>2.8</b>	Allir leik-, grunn- og framhaldsskólar skili árlegri greinargerð um tilhögun geðræktarstarfs og þrepaskíps stuðnings til svæðisbundinna stuðningsteyma sveitarfélaga og landshluta	Lögbundið eftirlitshlutverk MRN og sveitarfélaga	MRN og sveitarfélög
<b>2.9</b>	Allir skólar framkvæmi árlega greiningu á því hvaða úrræði eru til staðar og hvort þörfum allra barna og ungmenna í skólanum sé mætt	Lögbundið eftirlitshlutverk MRN og sveitarfélaga	MRN og sveitarfélög
<b>2.10</b>	Mat á skilvirkni og samfellu geðræktarstarfs og þrepaskíps stuðnings í skólastarfi verði hluti af innra og ytra mati skóla á öllum skólastigum	Lögbundið eftirlitshlutverk MRN og sveitarfélaga	MRN og sveitarfélög
<b>3</b>	Samstarf kerfa í þágu barna og ungmenna		
<b>3.1</b>	Skóla-, félags- og heilbrigðisþjónusta verði styrkt til að tryggja starfsfólki skóla ráðgjöf, stuðning og handleiðslu á vettvangi í samræmi við þörf	Stýrihópur í málefnum barna	MRN, FRN og HRN
<b>3.2</b>	Samstarf þjónustuaðila ríkis og sveitarfélaga í nærumhverfi, s.s. skóla- og félagsþjónustu og heilsugæslu, verði hluti af lögbundinni starfsemi þessara stofnana	Stýrihópur í málefnum barna	MRN, FRN og HRN
<b>3.3</b>	Lögfesta hlutverk málastjóra sem fylgir málum nemenda eftir til enda og sér til að þörfum þeirra sé mætt	Stýrihópur í málefnum barna	MRN
<b>3.4</b>	Heildstæð greining á þörf fyrir fjármagn, þekkingu, mönnun og aðföng innan heilsugæslu og stofnana á þriðja þjónustustigi og starfsemi þeirra styrkt þannig að biðlistum, einnig eftir mati og úrræðum innan stofnana, sé útrýmt	Stýrihópur í málefnum barna	FRN og HRN
<b>4.</b>	Skólaumhverfi sem styður við vellíðan		
<b>4.1</b>	Sveitarfélög fylgi eftir umbótaáætlunum sínum á grundvelli niðurstaðna könnunar á húsnæði og starfsaðstæðum grunnskóla árið 2017.	Lögbundið eftirlitshlutverk sveitarfélaga	Sveitarfélög
<b>4.2</b>	Gerðar verði sambærilegar kannanir á húsnæði og starfsaðstæðum leik- og framhaldsskóla og ráðist í umbætur í kjölfarið	Lögbundið hlutverk MRN og sveitarfélaga	MRN og sveitarfélög
<b>4.3</b>	Skipulag skólastarfs og vinnufyrirkomulags í skólum geri ráð fyrir tíma kennara til utanumhalds um málefni nemenda, samvinnu við aðra kennara, starfsfólk skóla og skólþjónustu	Lögbundið hlutverk ríkis og sveitarfélaga	MRN og sveitarfélög
<b>4.4</b>	Stjórnvöld ráðist í heildstæðar aðgerðir til að stytta viðveru yngri barna í leik- og grunnskólum og vinnuviku foreldra	Stýrihópur í málefnum barna	FRN og MRN

<b>5.</b>	<b>Þekking og færni til að vinna með hegðun, líðan og samskipti barna og unglunga</b>		
<b>5.1</b>	Skylduáfangar um geðheilsu og geðrækt í skólastarfi verði hluti af námi allra verðandi kennara á leik-, grunn og framhaldsskólastigi	Endurskoðun á reglugerð um inntak kennaramenntunar / Kennararáð	MRN
<b>5.2</b>	Stuðningsteymi sveitarfélaga og landshluta sinni reglubundinni fræðslu fyrir starfsfólk skóla	Stýrihópur í málefnum barna Byggðaaætlun A.04	MRN og sveitarfélög
<b>5.3</b>	Áhersla verði lögð á geðrækt og forvarnir í símenntunar- áætlunum leik-, grunn- og framhaldsskóla	Kennararáð	MRN og sveitarfélög
<b>5.4</b>	Námsleyfa- og starfsþróunarsjóðir leggi áherslu á eflingu þekkingar og færni á sviði gagnreyndra aðferða til að vinna með hegðun, líðan og félagsfærni barna	Kennararáð	MRN, sveitarfélög og KÍ
<b>6.</b>	<b>Gagnreynd nálgun að hegðun í skólakerfinu</b>		
<b>6.1</b>	Miðlægt innleiðingarteymi leiðbeini stuðningsteymum sveitarfélaga og landshluta um gagnreyndar og jákvæðar aðferðir í tengslum við hegðun í skólum	Stýrihópur í málefnum barna	MRN og FRN
<b>6.2</b>	Allir leik-, grunn- og framhaldsskólar marki sér stefnu og skilgreini vinnulag í tengslum við hegðun barna og ungmenna í skólum	Stýrihópur í málefnum barna Heilsueflandi skólar	MRN og sveitarfélög
<b>6.3</b>	Stuðningsteymi sveitarfélaga og landshluta leiðbeini leik-, grunn- og framhaldsskólum við móttun jákvæðrar hegðunarstefnu	Stýrihópur í málefnum barna Heilsueflandi skólar	MRN og sveitarfélög
<b>6.4</b>	Endurskoðun ákvæða um hegðun og skólareglur í lögum um grunn- og framhaldsskóla og tengdum reglugerðum	Stýrihópur í málefnum barna	MRN
<b>7.</b>	<b>Skólatengsl og samstarf við foreldra</b>		
<b>7.1</b>	Hlutverk umsjónarkennara verði skilgreint í lögum um framhaldsskóla	Nýtt verkefni	MRN
<b>7.2</b>	Tilraunaverkefni um útfærslu tengslakannana í framhaldsskólum	Nýtt verkefni	MRN

<b>7.3</b>	Miðlægar leiðbeiningar um farsælt samstarf foreldra, skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva	Nýtt verkefni	MRN
<b>7.4</b>	Skólastjórnendur marki stefnu um samstarf við foreldra í samráði við foreldrafélög	Lögbundið hlutverk skóla	MRN og sveitarfélög
<b>8.</b>	Réttur til gæðamenntunar og gagnreyndra stuðningsúrræða		
<b>8.1</b>	Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla og tengdra reglugerða til að tryggja rétt barna og unglinga til gagnreyndra kennsluáðferða og stuðningsúrræða í skólum með skilgreindum ábyrgðarhlutverkum og eftirlitsaðilum	Stýrihópur í málefnum barna	MRN
<b>8.2</b>	Breyting á lögum um framhaldsskóla og samsvarandi reglugerð sett sem skilgreini skólaþjónustu á framhaldsskólastigi í samræmi við reglugerð um skólaþjónustu leik- og grunnskóla	Stýrihópur í málefnum barna	MRN
<b>8.3</b>	Unnið verði á grundvelli tillagna Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir um gerð lágmarksviðmiða um sérfræðiþjónustu skóla á öllum skólastigum	Stýrihópur í málefnum barna	MRN
<b>8.4</b>	Komið verði á fót markvissu gæðaeftirliti og eftirfylgd til að tryggja að öll börn og ungmenni fái þann stuðning í skóla- og frístundastarfi sem þeim ber samkvæmt lögum	Stýrihópur í málefnum barna	MRN
<b>8.5</b>	Lögfesta að sýna verði fram á að fullnægjandi kennsla, stuðningur og úrræði hafi farið fram á fyrri þrepum áður en vísað er í úrræði á efri þrepum	Stýrihópur í málefnum barna	MRN
<b>8.6</b>	Lögfesta að úrræði á efri þrepum skuli árangursmeta og endurskoða á hverri önn hið minnsta	Stýrihópur í málefnum barna	MRN

## 5. Heimildir

---

- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (2004). *Promoting mental health: Concepts, emerging evidence, practice*. Genf: World Health Organization
- Anderson, P. og Jané-Llopis, E. (2011). Mental health and global well-being. *Health Promotion International, 26*, i147-i155.
- Beddington, J., Cooper, C. L., Field, J., Goswami, U., Huppert, F. A., Jenkins, R., ... og Thomas, S. M. (2008). *The mental wealth of nations*. *Nature, 455*, 1057-1060.
- Birna Sigurjónsdóttir (2017). *Starfsaðstæður kennara: Niðurstöður úr rýnihópum kennara í grunnskólum Reykjavíkur um bókun 1 í kjarasamningi*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Blum, R. og Libbey, H. P. (2004). School connectedness–Strengthening health and education outcomes for teenagers. *Journal of School Health, 74*, 231-235.
- Bradshaw, C.A., Sawyer, A.L. og O’Brennan, L.M. (2009). A social disorganization perspective on bullying-related attitudes and behaviors: The influence of school context. *American Journal of Community Psychology, 43*, 204–220.
- Collaborative for Academic, Social, and Emotional Learning (2005). *Safe and sound: An educational leader’s guide to evidence-based social and emotional learning programs*. Chicago: Collaborative for Academic, Social, and Emotional Learning.
- Colman, I., Murray, J., Abbott, R. A., Maughan, B., Kuh, D., Croudace, T. J., og Jones, P. B. (2009). Outcomes of conduct problems in adolescence: 40 year follow-up of national cohort. *British Medical Journal, 338*, a2981.
- Durlak, J.A., Weissberg, R.P., Dymnicki, A.B., Taylor, R.D. og Schellinger, K.B. (2011). The impact of enhancing students’ social and emotional learning: A meta-analysis of school-based universal interventions. *Child Development, 82*, 474–501.
- Elias, M.J., Leverett, L., Duffell, J.C., Humphrey, N., Stepney, C. og Ferrito, J. (2015). Integrating SEL with related prevention and youth development approaches. Í J.A. Durlak, C.E. Domitrovich, R.P. Weissberg og T.P. Gullotta (Ritstj.), *Handbook of Social and Emotional Learning: Research and Practice* (bls. 33-49). New York: Guilford Press.
- Embætti landlæknis (2015). *Joint Action for Mental Health and Wellbeing: Samstarfsverkefni um geðheilsu og vellíðan í Evrópu*. Reykjavík: Embætti landlæknis
- Embætti landlæknis (2018). *Stöðugreining og framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Embætti landlæknis
- Embættis landlæknis (2019). *Geðrækt, forvarnir og stuðningur við börn og ungmenni í skólum á Íslandi: Niðurstöður landskönnunar*. Reykjavík. Embætti landlæknis.

Fergusson, D. M., Horwood, L. J., og Ridder, E. M. (2005). Show me the child at seven: The consequences of conduct problems in childhood for psychosocial functioning in adulthood. *Journal of Child Psychology and Psychiatry and Allied Disciplines*, 46, 837–849.

Fixen, D.L., Naoom, S.F., Blase, K.A., Friedman, R.M. og Wallace, F. (2005). *Implementation research: A synthesis of the literature*. Tampa: University of South Florida, Louis de la Parte Florida Mental Health Institute, The National Implementation Research Network.

Greenberg, M.T., Domitrovich, C.E., Weissberg, R.P. og Durlak, J.A. (2017). Social and emotional learning as a public health approach to education. *Future of Children*, 27, 13-32.

Gregory, A., Skiba, R.J. og Mediratta, K. (2017). Eliminating disparities in school discipline: A framework for intervention. *Review of research in education*, 41, 253 –278

Herrman, H. og Jané-Llopis, E. (2012). The Status of Mental Health Promotion. *Public Health Reviews*, 34, 1-21.

Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns (2006). *Gullkista við enda regnbogans: Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

Jackson, C.A., Sudlow, C.L.M. og Mishra, G.D. (2018). Psychological distress and risk of myocardia infarction and stroke in the 45 and up study: A prospective study. *Circulation: Cardiovascular Quality and Outcomes*, 11, 417-422.

McIntosh, K. og Goodman, S. (2016). *Integrated multi-tiered systems of support*. New York: Guilford Press.

Menntamálaráðuneyti (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi: Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2009). *Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla* (nr. 655/2009). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 10. ágúst 2019 af: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/15566>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2010a). *Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum* (nr. 584/2010). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 10. ágúst 2019 af: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/16592>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2010b). *Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla* (nr. 585/2010). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 10. ágúst 2019 af: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/585-2010>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2012). *Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum* (nr. 230/2012). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 19. ágúst 2019 af: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/230-2012>

Razer, M. (2018). From power struggle to benevolent authority and empathic limit-setting: Creating inclusive school practice with excluded students through action research. *Action Research*, 0, 1-28.

Reykjavíkurborg (2017). *Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara*. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt 12. ágúst 2019 af: [https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/skrsla.pdf.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/skrsla.pdf.pdf)

Reykjavíkurborg (2018). *Tillögur um aðgerðir. Starfshópur um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík*. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt 12. ágúst 2019 af: <https://reykjavik.is/sites/default/files/skyrslaleikskolakennarar.pdf>

Ríkisendurskoðun (2016). *Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga: Annað og þriðja þjónustustig*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.

Pas, E.T., Bradshaw, C.P. og Hershfeldt, P.A. (2012). Teacher- and school-level predictors of teacher efficacy and burnout: Identifying potential areas for support. *Journal of School Psychology*, 50, 129-145.

Sandler, M., Lane, K., Vinciguerra, M., Davis, J., Perales, K. og Horner, R. (2013). The district/community role in advancing the interconnected systems framework. Í S. Barrett, L. Eber og M. Weist (Ritstj.), *Advancing education effectiveness: Interconnecting school mental health and school-wide positive behavior support* (bls. 73-81). Eugene: University of Oregon

Samband íslenskra sveitarfélaga (2012). *Sameiginleg könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara: Kynning á niðurstöðum*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara. Sótt 12. ágúst 2019 af: [https://ssh.is/images/stories/Soknaraetlun/Kynning\\_nidurstadna\\_konnunar\\_FG\\_og\\_samb\\_lok\\_a\\_2012\\_08.pdf](https://ssh.is/images/stories/Soknaraetlun/Kynning_nidurstadna_konnunar_FG_og_samb_lok_a_2012_08.pdf)

Samband íslenskra sveitarfélaga (2017). Samantekt samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara á niðurstöðum í lokaskýrslum sveitarfélaga og umbótaáætlunum grunnskóla vegna úrvinnslu bókanar 1 með kjarasamningi aðila. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga. Sótt 12. ágúst 2019 af: [http://www.samband.is/media/kjaramal/FG-lokaskyrsla-samstarfsnefndar-2017\\_LOK.pdf](http://www.samband.is/media/kjaramal/FG-lokaskyrsla-samstarfsnefndar-2017_LOK.pdf)

Skiba, R. J., og Losen, D. J. (2016). From reaction to prevention: Turning the page on school discipline. *American Educator*, 39, 4–11.

Suglia, F.S., Koenen, K.C., Boynton-Jarrett, R., Chan, P.S., Clark, C.J. og Danese, A. (2018). Childhood and adolescent adversity and cardiometabolic outcomes: A scientific statement from the American Heart Association. *Circulation*, 137, e15-e28.

Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir (2014). Erfið hegðun nemenda: Áhrif á líðan kennara. *Uppeldi og menntun*, 23, 65-86.

Splett, J.W., Trainor, K.M., Raborn, A., Halliday-Boykins, C.A., Garzona, M.E., Dongo, M.D. og Weist, M.D. (2018). Comparison of universal mental health screening to students already receiving intervention in a multi-tiered system of support. *Behavioral Disorders*, 43, 344-356.

Stephan, S.H., Sugai, G., Lever, N. og Connors, E. (2015). Strategies for integrating mental health into schools via a multitiered system of support. *Child and Adolescent Psychiatric Clinics of North America*, 24, 211–231.

Sugai, G. og Stephan, S. (2013). Considerations for a School Mental Health Implementation Framework Í S. Barrett, L. Eber og M. Weist (Ritstj.), *Advancing education effectiveness: Interconnecting school mental health and school-wide positive behavior support* (bls. 18-30). Eugene: University of Oregon

Swearer, S.M., Espelage, D.L., Vaillancourt, T. og Hymel, S. (2010). What can be done about school bullying? Linking research to educational practice. *Educational Researcher*, 39, 38–47.

Taylor, R.D., Oberle, E., Durlak, J.A. og Weissberg, R.P. (2017). Promoting positive youth development through school-based social and emotional learning interventions: A meta-analysis of follow-up effects. *Child Development*, 88, 1156-1171.

Tryggingastofnun (2017). *Ársskýrsla 2017*. Reykjavík: Tryggingastofnun.